

fyrirvörum nær fólkinu, en um raunverulega merkingu hennar og áhrif er margt á huldu.¹⁹

Þannig er Þjóðfundurinn 1851 einn þáttur í aldalöngum átökum sem enn sér ekki fyrir endann á, en hafa birt í margvíslegum myndum þótt kjarninn sé sá sami. Og í þessum skilningi má segja að sjálfstæðisbaráttan sé ævarandi.

Steingrímur Gautur Kristjánsson

Kirkjan, trúfrelsið og jafnrétti trúfélaga

Sögulegt baksvið – Trúfrelsi í Evrópu og víðar

Frá því að Konstantínus keisari († 337) gaf út tilskipun um trúfrelsi árið 313 og stofnaði Miklagarð árið 330 hefur gengið á ýmsu um sambúð ríkis og kirkju. Vandinn er að kirkjan hefur tilhneigingu til að verða ríki í ríkinu og þeir sem stýra ríkjum þola illa samkeppni um völd.

Þegar verst lét höfðu frakkakonungar páfa í gíslingu í Avignon en á öðrum tímum var því haldið fram með árangri af hálfu páfastóls að enginn gæti verið konungur eða keisari án blessunar og samþykkis páfa og að hann hefði vald til að afsetja þjóðhöfðingja. Rétttrúnaðarkirkjan hefur hinsvegar jafnan lotið ríkisvaldi.

Trúfrelsi Konstantínusar leiddi til íhlutunar keisara í innri málefni kirkjunnar og trúarnauðungar í þágu kristindóms. Lengst af var almenna reglan sú að allir þegnar furstans urðu að hafa sömu trú og hann¹ og í löndum mótmælenda varð þjóðhöfðinginn jafnframt æðsti yfirmaður ríkis- eða þjóðkirkju² en þar sem trúfrelsi er mest nú á dögum gerir ríkið ekki mun á trúarbrögðum og trúarsamfélögum og bindur ekki réttaráhrif við vígslur.

Villutrú

Það sem nú er litið á sem sérstök trúfélög utan móðurkirkju var lengst af fyrrum dregið í dilk villutrúar.

¹⁹ Viðstuðningsreglan heitir á ensku Principle of subsidiarity, á þýzku Subsidiaritätprinzip og á dönsku subsidiaritetsprincip. Hún var lögfest með 1. gr. Maastrichtsáttmálans og er nú í 2. mgr. 5. gr. Rómarsáttmálans. Reglan er oftast nefnd „nálægðarreglan“, en það heiti er villandi. Sigurður Lindal: Inngangur að lögfræði III. Þjóðréttarreglur II. Löggjöf Evrópusambandsins. Haust 2000 (fjölfaldað sem handrit), bls. 76–80. Þar er gerð nánari grein fyrir reglunni, þar á meðal sögulegum rótum hennar.

¹ Með Ágsborgarfriðnum 1555 var ákveðið um Þýska keisaradæmið að þegnarir skyldu hafa sömu trúarbrögð og furstinn: „Cuius regio eius religio“ – Ráði sá trú er ríkir – , Kristni á Íslandi III s. 40; „... Denne sætning blev slutsatsen på 30-årskrigen ved den ... vestfalske fred“ Jørgen Hornemann, s. 54.

² Í einveldi án trúfrelsis er mótmælendakirkja réttnefnd ríkiskirkja en þjóðkirkjuheitið tengist lýðræði og stjórnarskrárbundnum stjórnarháttum.

A dögum Konstantínusar gætti ýmissa frávíka frá réttri trú sem litið var á sem villutrú. Mest munaði þar um Arianisma en fylgismenn Ariusar höfnuðu því að Orðið, og þar með Kristur, væri Guð. Eftirmaður Konstantínusar var arianisti og ofsótti kaþólska menn. Arianisminn var gerður útlægur úr ríkinu 381 en breiddist út meðal Germana og var við lýði fram um 800.

Gyðingar áttu lengi í vök að verjast en þeim var bönnuð vist í Jerúsalem 132. Kazarar við neðanverða Volgu tóku gyðingatrú um 750 og gyðingar dreifðust víða, m. a. til Spánar. Andúð á gyðingum gerði þegar vart við sig á 4. öld og þegar þeim var bannað að halda kristna þræla var þeim gert ókleift að stunda búskap. Þar sem arianskur kristindómur ríkti gætti aldrei andúðar á gyðingum. Á miðöldum áttu gyðingar einkum skjól hjá aröbum og íslömskum berbum – m. a. – og síðar í Tyrkjaveldi. Meðan m. a. ríkti á Spáni áttu gyðingar þar góða daga en urðu að lokum að hverfa þaðan eða taka kristni eftir að m. a. voru hraktir frá Spáni.³ Síðan voru þeir hraktir úr einu landi í annað í ofsóknum sem einkum voru ofsafengnar á krossferðatímanum og í og eftir Svarta dauða. Réttarstaða þeirra var yfirleitt undantekning frá almennri reglu um bann við landvist vantrúaðra og byggðist þá á leyfi þjóðhöfðingja sem fellt var úr gildi þegar hentaði. Meðan þeir voru látnir í friði var yfirleitt ekki amast við trú þeirra en ekki gátu þeir boðað hana. Páfastóll hélt lengst af hlífiskildi yfir gyðingum og eftir siðskipti áttu gyðingar gríðland í Hollandi en ekki í löndum lúterskra.

Í Norður-Ameríku nutu gyðingar trúfrelsis á 18. öld og hlutu full stjórn-málaleg réttindi 1776 í Bandaríkjunum við stofnun þeirra. Árið 1791 fengu gyðingar fullt jafnrétti á við aðra borgara í Frakklandi og síðan breiddist trúfrelsi út um álfuna með Napóleoni, í stjórnarbyltingum og með upptöku stjórnarskrárbundinna stjórnarháttanna á 19. öld. Í Englandi hlutu gyðingar full þegnréttindi smám saman á 18. og 19. öld.

Albigensar (katarar) og **Valdensar** („hinir fátæku frá Lyon“) voru ofsóttir í Frakklandi á 13. öld en aldrei mun fullkomlega hafa tekist að útrýma þeim. Jóhann Húss⁴ (Jan Hus † Kosniz 1415) kenndi í Bæheimi og var brenndur en margir hússítar gerðust lúterskir á 16. öld. **Kalvínistar**, sem sækja margt til Lúthers, náðu fótfestu í Sviss, Hollandi, Skotlandi, Norður-Ameríku og víðar. Meðal mótmælenda urðu til margir **sértrúarhópar** sem áttu ríkan þátt í landnámi Norður-Ameríku.

Trúfrelsi ruddi sér til rúms í Evrópu á 18. og 19. öld en trúarviðhorfa frá

³ Ákvæði D.L. 3–20–1 og 3–20–2 um bann við dvöl gyðinga í ríkinu var ekki talið eiga við um portúgalska gyðinga, sjá Páll Sigurðsson: *Svipmyndir úr réttarsögu* s. 88.

⁴ Páll Melsted: *Miðaldasagan* s. 183 og 168 (Jóhann Wycliff † 1384).

Suður- og Austur-Asíu fer ekki að gæta þar að marki fyrr en á 20. öld. Eftir að M. a. voru reknir frá Spáni voru áhrif Islams í Evrópu hverfandi þar til á síðustu áratugum utan Tyrkjaveldis.

Frá því í fornöld, um allar miðaldir og langt fram á nýöld vék álitaefninu um mismunandi trúfélög þannig við að í hverju ríki var yfirleitt ein almenn kirkja sem naut viðurkenningar ríkisvaldsins og litið var á önnur trúfélög sem félög villutrúarmanna.

Hugmyndir um mannréttindi sem menn hefðu án tillits til trúarbragða, þar á meðal trúfrelsi, komu fram meðal heimspekings í Evrópu á 17. öld.⁵ Á síðari hluta 18. aldar ryðja sér til rúms hugmyndir um trúfrelsi og jafnrétti sem leiða til þess viðhorfs að öll trúfélög, stór og smá, eigi rétt til að rækja trú félaga sinna og jafnvel að boða hana og að njóta jafnréttis við öll önnur trúfélög, þar á meðal trúfélag sem þorri þegna var í. Jafnframt vex því viðhorfi fylgi að ríkið eigi að vera félag leikmanna, óháð trúfélögum og trúfélög óháð því. Þessi þróun var þáttur í aukinni viðurkenningu mannréttinda. Samfara þessari þróun fer vísindahyggja, efnishyggja og jafnvel fjarðskapur í garð kirkju og kristni í vöxt.

Fyrst í stað gætti mannréttindasjónarmiða í landsrétti. Margar þjóðir settu sér mannréttindayfirlýsingar og mannréttindaákvæði í stjórnarskrár.⁶ Jafnréttisákvæðin voru sett til höfuðs lögstéttaskipan hins forna þjóðskipulags, þar sem hver maður átti sér yfirmann utan sá æðsti og réttur manna var misjafn. Réttindaskrárnar tóku mið af handfestum og réttindaskrárum sem aðalsmenn náðu úr hendi konunga á miðöldum og kenningum upplýsingarmanna. Eftir síðari heimsstyrjöld tók mannréttindaregla að gæta í þjóðarétti og síðan í íhlotun þjóðréttarsamtaka í réttarframkvæmd einstakra ríkja samfara upplausn hefðbundinna marka milli þjóðaréttar og landsréttar.

Dæmigert nútímaríki er samfélag leikmanna sem liður trúfélög eins og hvern annan frjálsan félagsskap en styður þau ekki og felur þeim hvorki völd né stjórnsýslumboð.

⁵ Hornemann s. 49–50.

⁶ Í mannréttindayfirlýsingu sem samþykkt var á franska þjóðþinginu 1789 og sett var framan við stjórnarskrá 1791 er svo á kveðið í 1. m. l. gr.: *Les hommes naissent et demeurent libres et égaux en droit. Í sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna frá 1776 segir: We hold ..., that all men are created equal, ... endowed ... with certain unalienable rights, ...* Í 1. gr. The Bill of Rights – frá 1791, fyrstu breytingu á stjórnarskrá Bandaríkjanna, er kveðið svo á: *Congress shall make no law respecting an establishment of religion, or prohibiting the free exercise thereof ...*

Ísland⁷

Árið 999, þegar kristni var lögtekin á Íslandi, hafði kirkjan enn ekki klofnað fullkomlega í austurkirkju og vesturkirkju. Kirkjurétturinn var í fyrstu hluti landsréttar. Kirkjan naut mikillar sjálfstjórnar gagnvart móðurkirkjunni en var framan af illa skipulögð og háð veraldlegum höfðingjum, þó ekki háð ríkisvaldi, þar sem það var mjög vanþróað í landinu. Undir lok kaþólska tímabilsins var íslenska kirkjan vel skipulögð og töluvert sjálfstæð bæði gagnvart konungi og páfa.

Að þeirri kirkjuskipun sem nú er var lagður grundvöllur á 16. og 17. öld. Stjórnkerfi kirkjunnar varð hluti af stjórnskipun ríkisins og þegar fram liðu stundir urðu þjónar kirkjunnar embættismenn ríkisins. Málefnum kirkjunnar var skipað með veraldlegum lögum, almennum lagafyrirmælum, alþingissamþykktum (til einveldis) og fyrirmælum stjórnvalda og síðar með stjórnarskrá og almennum lögum.

Hér á landi var trúarnauðung fram á 19. öld.⁸

Það er fyrst með tilskipun um friðheit kaupstaðanna 17. nóvember 1786⁹ að mönnum, annarrar trúar en evangelísk-lúterskrar, var heimiluð landvist á kaupstöðunum og síðar einnig í kaupúnum. „Sjerhver borgari ... má hafa rjett til að kaupa sjer svo mikið jarðagóz á Íslandi, sem hann vill og getur, hver helzt trúarbrögð hann hafa kynni.“ (11. gr.). Skv. 4. gr. II. kapitula forordningar um þá íslenzku kauphöndlun ... frá 13. júní 1787 „hafa þeir kaupverzlandi ... lof að leigja og eiga jarðagótz ... án greinarmunar, ... hvör trúarbrögð þeir hafa.“ Þessi fyrirmæli voru sett í þágu útlendinga og bann við trúboði hélt enn um sinn. Munu þessi fyrirmæli hafa verið skilin svo að þau næðu aðeins til kristinna manna. Með opnu bréfi 28. desember 1836 um verslun og siglingar var mismunur milli kaupstaða og verslunarstaða afnuminn; með opnu bréfi 6. janúar 1857 var gyðingum, innlendum sem útlendum, heimilað að taka sér bólfestu á Íslandi, þeim útlendu með sömu takmörkunum og átti sér stað um veru annarra útlendinga og með stjórnarskrá sem sett var fyrir konungsríkið 1849 var lýst yfir trúfrelsi. Trúfrelsisfrumvörp voru tvisvar felld á Alþingi, 1863 og 1865.¹⁰ Trúfélögum var veitt lagavernd með 157. gr alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

⁷ Í þessum þætti er mjög stuðst við Kristni á Íslandi og Pál Sigurðsson: Svipmyndir úr réttarsögu s. 85–93.

⁸ Kristinn réttur Árna biskups, 1. kap. Kristindómsbálks Jónsbókar, DL II–1.

⁹ sbr. konungsráskurð og opið bréf 18. ágúst s. á. um afnám einokunarverslunar.

¹⁰ Pétur Pétursson, Sögu 1980 s. 183

Fyrir 1849 nutu mótmælendasöfnuðir, rómversk-kaþólskir og gyðingar trúfrelsis í Danmörku.¹¹ Þegar á reyndi vegna mormóna og rómversk-kaþólskra héldu íslenskir embættismenn, veraldlegir og geistlegir, sér við ofangreind fyrirmæli frá 1786 og 1787. Kaþólskir prestar komu hér 1860 með leyfi dómsmálaráðuneytisins til að sinna frönskum sjómönnum. Kaþólska kirkjan keypti Landakot 1864. Þótt dönsk stjórnvöld litu almennt svo á, frá 1849 til 1866, andstætt íslenskum stjórnmalámönnum, að stjórnarskráin frá 1849 gildi hér, var það álit danska stjórnarráðsins að ekki væri trúfrelsi á Íslandi. Þetta þarf þó ekki að tákna annað en að álitid hafi verið að ekki fælist efnisregla í trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar heldur ábending til löggjafans um að koma á trúfrelsi. Hinsvegar var ekki beitt lagavaldi gegn mormónum og kaþólskum mönnum og mun það hafa verið vegna þess að óeðlilegt hefur verið talið að ekki gildi hið sama allsstaðar í ríkinu, að réttarástandið á Íslandi væri tímaskekkja, að óráðlegt væri að styggja Frakka – en kaþólskir trúboðar komu einkum frá Frakklandi – og að aðeins væri tímaspursmál hvenær sett yrði sérstök stjórnarskrá fyrir Ísland. Árið 1866 var gerð stjórnlagabreyting sem fól í sér að stjórnarskráin gildi aðeins í Danmörku.

1874 var sett stjórnarskrá fyrir Ísland með ákvæðum um trúfrelsi og þjóðkirkju sama efnis og samsvarandi ákvæði stjórnarskrárinnar 1849.

Árið 1886, 19. febrúar, voru sett lög um utanþjóðkirkjumenn, þar á meðal um kirkjuleg embættisverk forstöðumanna kirkjufélaga utan þjóðkirkjunnar og lausn félagsmanna undan gjöldum til kirkna og presta.

Vesturferðir Íslendinga komu þeim í kynni við þjóðkirkjulaust samfélag og margvíslegar trúarhreyfingar svo sem únítara. Við lok 19. aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu komst mikið rót á andlegt líf Íslendinga þegar kenningar Brandesar, nýguðfræði, frímúrararegla, guðspeki, spíritismi og jafnaðarstefna námu hér land en ekkert af þessu hefur leitt til stofnunar trúfélaga.

Staðtölur

Samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár 1. desember 2001 voru íbúar Íslands 286.275. Þar af voru 249.256 í þjóðkirkjunni og 11.821 í evangelísk-lúterskum fríkirkjum, lúterskir samtals 261.077 eða 91.2%, aðrir mótmælendur voru 3.917; mótmælendur voru þannig samtals 264.994 eða 92.57%. Til Kaþólsku kirkjunnar töldust 4.803 og 71 til safnaðar Moskvupatríarkatsins, Votta Jehóva 638. Til kristinna safnaða teljast þannig a. m. k. 270.506 eða 94.49%. Þar við má e. t. v. bæta 198 mormónum og 39 í samfélagi trúaðra.

¹¹ Preben Espersen: Kirkeret s.189–190

Múslímar voru 178, Bahaí 387, búddistar 484 og heiðnir í Ásatrúarfélagi 568. Í skráðum trúfélögum utan þjóðkirkjunnar voru samtals 23.104. Í óskráðum trúfélögum „og ótilgreint“ voru 7.344. Í þeim hópi má vænta margra kristinna og þar mun einnig að finna gyðinga. Utan trúfélaga voru 6.571. Utan þjóðkirkju voru samtals 37.019. Ekki er hægt að kasta tölu t. d. á vantrúaða í þjóðkirkjunni eða í öðrum hópum en rétt er að hafa þá í huga. Árið 1890 voru 27 manns utan þjóðkirkju.¹² Árið 1930 voru 90,85% íbúanna í þjóðkirkjunni, 1960 91,58%, 1980 93,16%, 1998 89,37% 1999 88,7%, 2000 87,83% og 2001 **87,07%**.

Ákvæði íslenskra laga um kirkjumál, trúfélög, trúfrelsi og jafnrétti

Stjórnarskrárákvæði

Samkvæmt 63. gr. stjórnarskrárinnar ríkir trúfrelsi á Íslandi. Í trúfrelsinu felst m. a. að **menn eiga rétt á að stofna trúfélög**. Ekki má þó kenna eða fremja neitt sem er andstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu. Trúfélög njóta jafnframt verndar félagafrelsisákvæðis 74. gr. Mismunurinn kemur einkum fram í því að hægt er að banna almennt félag með lögum en ekki trúfélag. Athyglisvert er að félagafrelsisgreinin heimilar stofnun félags í löglegum tilgangi en þetta skilyrði er ekki sett í 63. gr. um trúfélög. Ekki þarf leyfi til stofnunar trúfélags fremur en annars félags.

Samkvæmt 62. gr. skal Hin evangelíska lúterska kirkja vera **þjóðkirkja** á Íslandi og **skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda**¹³. **Almenni löggjafinn getur breytt þessu með lögum**.

Samkvæmt 64. gr. njóta menn borgaralegra og stjórnmalalegra réttinda án tillits til trúarbragða. Enginn er skyldugur til að greiða persónuleg gjöld til trúfélags sem hann er ekki í. Enginn getur hinsvegar neitað að greiða almenna skatta á þeim grundvelli að skatttekjum sé varið til stuðnings trúfélögum.¹⁴

Samkvæmt 65. gr. stjórnarskrár **eru allir jafnir** fyrir lögum og njóta mannréttinda **án tillits til trúarbragða** o. s. frv.

¹² Pétur Pétursson, Sögu 1980 s. 183.

¹³ Ríkið styður kirkjuna t. d. með kristindómsfræðslu í skólum, sbr. 2. gr. grunnskólalaga nr. 66 1995 og verndar hana m. a. með lögum um helgidagafrið, sbr. ts. 29. maí 1744 og lög nr. 32 1997 um helgidagafrið.

¹⁴ Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur s. 469.

Almenn lög

Elstu lög sem nú eru í gildi eru Kristinn réttur Árna biskups Þorlákssonar frá 1275 en með honum tók hinn almenni kirkjuréttur gildi á Íslandi. Reyndar eru aðeins tvær greinar eftir af þessum lögum, um kirkjubyggingar og kirkjuvígslu.

Kirkjuordinantia Kristjáns 4., hin norska, frá 1607, var leidd í lög hér með tilsk. 29. 11. 1629 en síðustu ákvæði hennar voru afnumin á síðasta áratug 20. aldar. Hún varð réttarlegur grundvöllur kirkjuskipunar landsins eftir siðskipti og gerði ekki ráð fyrir að hér væru önnur trúarsamfélög en hin lúterska kirkja.

Auk stjórnarskrárákvæða eru meginákvæði íslenskra laga um trúfélög í lögum **nr. 78 1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar** og í lögum **nr. 108 1999 um skráð trúfélög**. Í lögum **nr. 91 1987** er fjallað um **sóknargjöld**. Skv. 1. gr. þeirra skulu **þjóðkirkjusöfnuðir, skráð trúfélög og Háskólasjóður eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti**. Vegna þjóðkirkjumanna greiðist gjaldið til einstakra safnaða eða Jöfnunarsjóðs sókna, vegna félaga í skráðu trúfélagi greiðist gjaldið til félagsins en vegna annarra til Háskóla Íslands (Háskólasjóðs). Þetta gjald var 566,05 kr. á mann p. m. árið 2001.

Samkvæmt lögum nr. 36 1948 ákvað safnaðarfundur fjárhæð sóknargjalds innan ramma sem tiltekinn var í lögnum. Sóknarnefnd gat, með samþykki safnaðarfundar, jafnað niður því sem á vantaði nauðsynleg útgjöld á safnaðarmenn sem hundradshluta af útsvörum. Sóknarnefndir innheimtu sjálfar sóknargjöld en gátu falið oddvita eða innheimtumanni ríkissjóðs innheimtu.

Þjóðkirkjulögin fela í sér aukna sjálfstjórn kirkjunnar. Skv. 1. gr. er **íslenska þjóðkirkjan sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni**. Lögin geyma ákvæði sem mynda ramma um þjóðkirkjuna en hún hefur eigin stjórnslu og setur sér sjálf reglur innan ramma laganna. Þær reglur er að finna í auglýsingum nr. 817 – 829 2000 og eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda, nr. 118 2000.¹⁵ **Það er þó á valdi almenna löggjafans hver sjálfstjórn kirkjunnar má verða**.

Lögin fela í sér lögfestingu samkomulags ríkis og kirkju 10. janúar 1997 um kirkjujarðir, launagreiðslur til starfsmanna þjóðkirkjunnar, rekstrar-kostnað og sérframlög til kristnisjóðs og þjóðkirkjunnar. Skv. 1. gr. samningsins **skulu kirkjujarðir, að frátöldum prestssetrum, vera eign ríkisins**.

¹⁵ Páll Sigurðsson: „Straumhörf í kirkjurétti“ Úlfjótur 2000 s. 29: Um þjóðkirkjulögin nýju.

Þetta samningsákvæði er staðfest í 62. gr. Þjóðkirkjulaganna og samningi ríkis og kirkju frá 4. september 1998 um nánari útfærslu samningsins frá 1997.

Skv. 3. gr. Þjóðkirkjulaganna **greiðir ríkið Þjóðkirkjunni árlegt framlag sem miðast við að það nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar.** Skv. 60. gr. skal ríkið standa skil á launum presta, prófasta, biskupa og starfsmanna biskupsstofu.

Skv. 24. gr. laga nr. 46 1907 um laun sóknarpresta voru framlög úr lands-sjóði – síðar ríkissjóði – meðal tekna prestlaunasjóðs, enda skyldi landssjóður leggja fram fé það sem vanta kynni á að prestar og prófastar fengju greidd laun sín og prestar eftirlaun sín af öðrum tekjum sjóðsins. Þessi lög eru enn að nokkru leyti í gildi að formi til en með lögum nr. 92 1936 var kveðið svo á að afgangur af kirkjujörðum skyldu renna í jarðakaupasjóð ríkisins.

Lög um Jarðakaupasjóð voru felld úr gildi 1967 og skyldu eignir sjóðsins, aðrar en jarðir, renna í Jarðeignasjóð ríkisins, sbr. 13. gr. laga nr. 54 1967. Í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga kemur fram að engin jarðakaup hafi farið fram um langt árabíl samkvæmt lögum um Jarðakaupasjóð, að gögn sjóðsins séu í vörslum jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins og að með jarðir sem keyptar voru af Jarðakaupasjóði sé farið sem aðrar Þjóðjarðir. „Eignir Jarðakaupasjóðs fyrir utan jarðir eru ekki aðrar en nokkur fjárhæð í sparissjóðsbók, ...“¹⁶ Jarðasjóður tók við hlutverki Jarðakaupasjóðs 1976, sbr. V. kafla jarðalaga nr. 65 1976. Um sölu Þjóð- og kirkjujarða voru ákvæði í XI. kafla laga nr. 102 1962. Um Jarðasjóð gilda nú lög nr. 34 1992.

Skv. lögum nr. 18 1931 á dóms- og kirkjumálaráðuneytið að veita árlega utanfararstyrki til presta. Skv. lögum nr. 17 1931 á ríkið að veita styrki til bókasafna prestakalla.

Skv. lögum nr. 32 1963 skal ríkið árlega greiða fé til **Skálholts**. Mælt er fyrir um skólahald í Skálholti í lögum nr. 22 1993 en samkvæmt þeim lögum er Skálholtsskóli kirkjuleg menningar- og menntastofnun í eigu Þjóðkirkjunnar. Samningur er um þáttöku ríkissjóðs í rekstri hans. Markmið skólans er að efla tengsl kirkju og þjóðlífs og **stuðla að áhrifum kristinnar menningar í þjóðlífinu.**¹⁷

Skv. 5. gr. laga nr. 35 1970 um **Kristnisjóð** o. fl. er þéttbýlissveitarfélögum skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatna-

¹⁶ Alþt. 1966, þsk. 189, A s. 859.

¹⁷ Þingvallanefnd hefur veitt um 1 milljón króna á ári til Þingvallakirkju, Björn Bjarnason RÚV 1 22. nóvember 2000.

gerðargjaldi og ókeypis lóð undir prestssetur, ef um það er að ræða. Sveitarsjóðir munu ennfremur hafa greitt fyrir kirkjubyggingum með ábyrgðum án sérstakrar lagaskyldu og gefið eftir fasteignagjöld. Vera má að aðrir en Þjóðkirkjan hafi notið góðs af slíkum stuðningi.

Skv. 2. mgr. 62. gr. Þjóðkirkjulaganna hafa greiðslur til Kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða verið felldar niður. Þó skal greiða í sjóðinn árslau ein sóknarprests árlega í 8 ár.

Kirkjumálasjóður var stofnaður með lögum nr. 138 1993. Skv. 2. gr. ber að skila úr ríkissjóði árlega af tekjuskatti gjaldi er nemur **11,3%** af gjöldum er renna til Þjóðkirkjusafnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld. Talið hefur verið óheimilt að veita fé úr kirkjumálasjóði til annarra trúfélaga en Þjóðkirkjunnar.

Skv. 5. gr. laga nr. 91 1987 um sóknargjöld ber að skila mánaðarlega af tekjuskatti gjaldi er nemur **18,5%** af gjöldum er renna til Þjóðkirkjusafnaða í **Jöfnunarsjóð sókna**.

Samkvæmt þessum ákvæðum fá þessir sjóðir úr ríkissjóði framlög, sem nema 29,8% af sóknargjöldum til Þjóðkirkjusafnaða, í **ofanálag** á þau en önnur trúfélög fá ekki samsvarandi framlög.

Skv. 6. gr. laga nr. 12 2001 um **Kristnihátíðarsjóð** leggur ríkissjóður sjóðnum til 100 millj. kr. fyrir hvert starfsár samkvæmt sérstökum lið á fjárlögum. Lögin falla úr gildi í árslok 2005.

Skv. 7. gr. laga nr. 137 1993 um **prestssetur** eru framlög úr kirkjumálasjóði meðal tekna prestssetrasjóðs. Skv. 4. gr. kirkjumálasjóðslaganna skal sjóðurinn standa straum af kostnaði við kirkjuþing, kirkjuráð, prestastefnu, biskupsgarð, fjölskylduþjónustu kirkjunnar, söngmálastjórn, tónlistarfræðslu, starfsþjálfun guðfræðikandidata o. fl.

Skv. 2. gr. laga nr. 41 1999 um Háskóla Íslands er **guðfræðideild** ein af grunneiningum háskólans en hún sér Þjóðkirkjunni og evangelísk-lúterskum frikkirkjum fyrir prestsefnum.

Skv. 2. gr. laga nr. 54 1962 um Þjóðskrá og almannaskráningu starfa sóknarprestar að almannaskráningu.

Ýmis hinna eldri ákvæða um kirkjumál hafa nú litla eða enga raunhæfa þýðingu, þar á meðal fyrir mæli um stuðning við Þjóðkirkjuna.

Skráning trúfélaga

Í 1. gr. laga um **skráð trúfélög** nr. 108 1999 eru ákvæði 2. mgr. 63. gr. stjórnarskrár um rétt til að stofna trúfélög áréttað efnislega og mælt svo fyrir, í samræmi við félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrár, að **menn eigi rétt til að stofna félög um hvers konar kenningar og lífsskoðanir**, þ. m. t. trúleysi.

Ekki er getið um félög sem berjast gegn trúarbrögðum. Slík félög njóta verndar 74. gr. stjórnarskrár en ekki 63. gr. Ekki er skylt að tilkynna stjórnvöldum um stofnun eða starfsemi trúfélaga eða annarra félaga um lífsskoðanir.¹⁸ II. kafli laganna fjallar um skráð trúfélög utan Þjóðkirkjunnar.¹⁹

Lögin fjalla aðallega um skráð trúfélög eins og heiti þeirra gefur til kynna. Skv. 3. gr. er skilyrði skráningar að félagið leggi stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar og menningarlegar rætur. Félagið verður að hafa náð fótfestu, starfsemi þess verður að vera virk og stöðug og í því verður að vera kjarni félagsmanna sem iðka trú sína í samræmi við kenningar þess „og eiga til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld“.

Skv. 4. gr. skulu m. a. fylgja umsókn um skráningu upplýsingar um trúarkenningar og tengsl við önnur trúarbrögð og trúarhreyfingar. Skilyrði leyfis er að útnefndur sé forstöðumaður sem verður háður ábyrgð opinbers starfsmanns og skal færa embættisbækur. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður geti með bindandi hætti unnið embættisverk svo sem hjónavígslur, sbr. 16. og 17. gr. hjúskaparlaga nr. 31 1993. Að öðru leyti hefur skráning þann kost fyrir félagið að það fær hlut í sóknargjöldum.

Skv. 13. kafla laga nr. 36 1993 um kirkjugarða er skráðum trúfélögum heimilt að taka upp sérstakan grafreit og er þá safnaðarmönnum ekki skylt að greiða kirkjugarðsgjald til sóknarkirkjugarðsins.

¹⁸ Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur s. 464–465.

¹⁹ Skráð eru 5. apríl 2002: Ásatrúarfélagið, Baháísamfélagið, Baptistakirkjan, Betanía, Boðunarkirkjan, Búddistafélag Íslands, Félag Múslíma á Íslandi, Fríkirkjan í Hafnarfirði, Fríkirkjan í Reykjavík, Fríkirkjan Vegurinn, Hvítasunnukirkjan á Íslandi, Íslenska Kristskirkjan, Kapólska kirkjan, Kefas – kristið samfélag, Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu, Kirkja sjöunda dags adventista á Íslandi, Krossinn, Óháði söfnuðurinn, Samfélag trúaðra, Serbneska rétttrúnaðarkirkjan, Sjónarhæðarsöfnuðurinn, Söfnuður Moskvu-patriarkatsins, Vottar Jehóva og Zen á Íslandi – Nátthagi.

Fjárlög

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2002, nr. 158 2001, var ætlað til kirkjumála eins og hér segir:

Þjóðkirkjan	930.300.000	krónur*
Kirkjumálasjóður	144.700.000	„
Kristnisjóður	47.700.000	„
Kirkjugarðsgjöld	603.000.000	„
Sóknargjöld til Þjóðkirkjunnar	1.282.500.000	„
Sóknargjöld til annarra trúfélaga	111.900.000	„
Jöfnunarsjóður sókna	237.000.000	„
Samtals	3.357.100.000	krónur

*þar af fjármagnað með sértekjum 29.300.000 krónur

Háskóli Íslands er ríkisstofnun með víðtæka sjálfstjórn en menntamálaráðherra skipar rektor skv. 6. gr. háskólalaga. Á fjárlögum fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir að ríkið fjármagni með tæpum 3,9 milljörðum útgjöld Háskólans sem eru samtals áætluð tæplega 4,8 milljarðar. Ekki sést af fjárlögum hve mikill hluti gjaldanna er vegna guðfræðideildar en ætla má að kostnaði við hana sé mætt að um 80 hundraðshlutum af almannafé eins og öðrum kostnaði háskólans.

Sóknargjöld til Háskóla Íslands eru nú ekki meðal þeirra fjárlagaliða sem teljast til kirkjumála en árið 2000 námu þau 56.200.000 krónum og árið 2001 61.000.000 króna. Árið 2000 runnu samtals 3.019.300.000 krónur til kirkjumála en auk þess var áætlað á fjárlögum 324.500.000 til undirbúnings 1000 ára afmælis kristnitöku, 7.000.000 til minningarkapellu á Ljósavatni og 29.500.000 til stafkirkju í Vestmannaeyjum; KFUM&K hlutu 7.000.000.

Mismunun

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er gætt jafnræðis milli Þjóðkirkjunnar og skráðra trúfélaga að því er varðar sóknargjöld. Ef litid er á sóknargjöld sem innheimtupjónustu í sérstöku formi er ekkert athugavert við það, frá sjónarmiði jafnréttis, að leggja þau aðeins á Þjóðkirkjumenn. Þar fyrir utan er fjárhagsleg staða Þjóðkirkjunnar tryggð með stuðningi ríkisins sem önnur trúfélög njóta ekki. Þar munar mest um framlag ríkisins til reksturs Þjóðkirkjunnar skv. 3. gr. Þjóðkirkjulaga, 11,3% álags á sóknargjöld í Kirkjumálasjóð og 18,5% í Jöfnunarsjóð sókna. Óskráð trúfélög njóta einskis stuðnings frá ríkisvaldinu að lögum. Hafa verður í huga að það er beinlínis skylda löggjafans að stjórnögum að styðja Þjóðkirkjuna

auk þess sem kirkjan hefur ákveðnu menningar- og samfélagshlutverki að gegna, sinnir m. a. líknaorstörfum, æskulýðsstarfi, sálgaeslu og þjónustu á sjúkrahúsum og í fangelsum. Önnur trúfélög sinna þessu líka. Á móti fram- lögum koma ýmsar skyldur sem á þjóðkirkjunni hvíla í þágu samfélagsins; sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld voru upphaflega falin innheimtumönnum ríkisins til innheimtu en hafa þróast til þess að vera hlutdeild í tekjuskatti. Í þessu ljósi er villandi að líta á þessi gjöld sem ríkisframlag. Prestssetrin eru kirkjunni fremur byrði en hitt og þar sinnir kirkjan hlutverki við varðveislu menningarverðmæta.

Afhending kirkjueigna²⁰

Mismunun þjóðkirkju og annarra trúfélaga er að miklu leyti réttlætt með því að ríkið hefur tekið við jarðeignum kirkjunnar.

Í kaþólskum sið söfnuðu biskupsstólarinnir, kirkjurnar og klaustrin miklum audi í jörðum og stóð arður af þeim að miklu leyti undir útgjöldum kirknanna enda þótti þá og lengi síðan jarðeign best fallin til að varðveita fjármagn og gera það arðgæft. Við upphaf siðskipta námu kirkjueignir samtals um 45% af öllum jarðeignum í landinu og skiptust nokkuð jafnt í staði (beneficia) og bændakirkjur, klaustureignir og stólseignir²¹. Konungur sló eign sinni á klaustureignir við siðskipti og urðu þær uppistaðan í jarðeign krúnunnar hér á landi. Átti konungur 1/6 hluta allra jarðeigna í landinu í lok 16. aldar og öld síðar, 1695 16%. Krúnan hirti þá 60–70% af biskupstíund á þeirri forsendu að biskupsvald væri í höndum konungs.²² Konungs- jarðir urðu síðar þjóðjarðir. Stólsjarðir voru seldar á uppboðum um 1800. Andvirðið rann í konungssjóð og biskupar urðu launaðir embættismenn.

Kirkjujarðir hafa verið í umsjá ríkisins síðan 1907, sbr. lög nr. 46 1907 um laun sóknarpresta og lög nr. 50 1907 um sölu kirkjujarða, en á þessum tíma urðu prestar launaðir embættismenn og þurftu ekki lengur að treysta á brauðin sér til framfærslu. Var við það miðað að laun presta jafngiltu vaxtagreiðslum af kirkjueignum. Á þessum tíma voru efnamenn að flytja fjármagn frá jarðeignum með sölu þeirra og kaupum verðbréfa fyrir and- virði þeirra eða fjárfestingum í öðrum atvinnugreinum en landbúnaði, einkum sjávarútvegi. Prestslaunasjóður átti að annast greiðslur til presta sem sjálfstæður aðili en sú ráðstöfun varð að engu vegna²³ verðbreytinga í fyrri heimsstyrjöld.

²⁰ Í þessum þætti er mjög stuðst við Álitsgerð kirkjueignanefndar.

²¹ Ólafur Ásgeirsson: Kirkjueignir, rekstur þeirra og stjórni s. 5.

²² Gísli Gunnarsson o. fl.: „Var tíundin „óbeinn tekjuskattur“?“ Saga 1998 s. 237.

²³ Sigurbjörn Einarsson: Ljós yfir land – Hirðisbréf, Álitsgerð kirkjueignanefndar s. 182.

Tekjur af kirkjujörðum munu hafa verið rýrar á öldinni sem leið. Þó hef- ur töluvert fé fengist af jarðasölum þar sem kirkjujarðir hafa farið undir þéttbýli, t. d. á Akranesi og Álftanesi - Garðatorfan.

Þegar rætt hefur verið um aðskilnað ríkis og kirkju eða aukið sjálfstæði á þessari öld hafa kirkjunnar menn haldið því fram að við þau skipti bæri að taka tillit til þess að hún hefði lagt þessar eignir með sér í sambúðina.²⁴

Árið 1982 skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd til að gera könnun á því hverjar kirkjueignir hefðu verið frá fyrri tíð og til þessa dags, hver staða þeirra hefði verið að lögum, og hvernig háttáð hefði verið ráðstöfun- um á þeim - kirkjueignanefnd. Nefndin skilaði álit 1984 um stöðu jarð- eigna kirkjunnar í höfuðdráttum.

Meðal niðurstaðna nefndarinnar er að kirkjan hafi verið ríkiskirkja a. m. k. frá miðri 18. öld til 1874 en þjóðkirkja síðan, að ríki og kirkja séu ekki eitt, að kirkjan sé sjálfstæð stofnun og sjálfstæður réttaraðili sem geti borið réttindi og skyldur að lögum og þannig átt eignir en að kirkjan sjálf eigi ekki aðrar jarðeignir en Skálholt og Löngumýri sem henni hafa áskotnast á síðari hluta 20. aldar; hinsvegar tilheyri kirkjujarðirnar hinum einstöku kirkjum sem séu sjálfseignarstofnanir, hver lénskirkja ásamt eignum hennar hafi verið beneficium 'staður' í kaþólskum sið, og að ekki hafi orðið breyting varðandi grunneignarréttinn, hvorki við siðskipti né við umráðaskiptin 1907.²⁵

Einn nefndarmanna, Benedikt heitinn Blöndal hrl., síðar hæstaréttar- dómari, taldi þó að leiða mætti rök að því að þjóðkirkjan væri orðin réttur eigandi kirkjujarðanna.

Þetta sjónarmið virðist hafa verið lagt til grundvallar í samningagerð kirkju og ríkis og löggjöf 1997 og 1998. Var litið svo á að samkomulag um eignaafhendingu og skuldbindingu ríkisvaldsins væri fullnaðaruppgjör vegna þeirra verðmæta sem ríkið tók við til umsýslu 1907.

Þetta samhengi kirkjueigna og greiðslna úr ríkissjóði til þjóðkirkjunnar er opið fyrir gagnrýni og hefur verið gagnrýnt.

Í fyrsta lagi má velja fyrir sér hvernig þjóðkirkjan gat afhent eignir ein- stakra kirkna miðað við meginniðurstöðu kirkjueignanefndar.

²⁴ Með 4. mgr. 7. gr. laga nr. 40 1909 um sóknargjöld var heimilað að jafna niður því sem á vantaði að kirkjugjald nægði fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Í Morgunblaðsgrein 18. apríl 2001 kveður síra Geir Waage árið 1909 hafa verið lögleidda heimild til að leggja á aukagjald til að kosta kirkjubyggingar og meiriháttar viðhald kirkna, að þetta ákvæði hafi verið afnumið á níunda áratug síðustu aldar þegar jöfnunarsjóður sókna var stofnaður og að greiðslur í sjóðinn séu umsaminn arður af jarðeignum kirknanna eins og launagreiðslur til presta.

²⁵ sbr. HRD 1964 503.

Á hinn bóginn hefur það álit komið fram, bæði hér á landi og í Noregi, að kirkjueignir væru orðnar ríkiseign. Þannig var það álit stjórnarinnar 1905 að kirkjujarðirnar væru landsins eign og Einar Arnórsson hélt því fram í kirkjurétti sínum að landssjóður ætti lénskirkjurnar í raun og veru. Nú er ráðandi í Noregi sú skoðun, andstætt viðhorfum eldri fræðimanna, að norsku kirkjujarðirnar séu ríkiseign.

Þá er á það að líta að þótt góð fjárfesting hafi verið í þessum eignum fyrrum hefur arður af fjárfestingum í landbúnaði verið hlutfallslega litill eftir atvinnuháttabyltingu 19. og 20. aldar.

Tekjur kirkna runnu aðallega til uppihalds presta, viðhalds og endurbóta á kirkjum og gripum þeirra og kirkjubygginga.²⁶

Árið 1854 komu aðeins 22,6% heildartekna presta af jarðeignum kirkna.

Aðrar tekjur voru 17,7% af prestssetrum, hlunnindi ýmisleg, kúgildi²⁷, tekjur af útkirkjum (aðallega einkakirkjum og bænhúsum - kirkjukúgildi - en einnig klaustrum og annarri konungseign), preststíund, dagsverk, lambafóður, offur og greiðslur fyrir prestsverk. Kirkjutíund og ljóstollar runnu til kirkna.²⁸ Sálugjafir sem auður kirkjunnar byggðist á að miklu leyti höfðu fallið niður við siðskipti. Samfélagsþróun og atvinnuháttabreytingar höfðu rýrt mjög tekjur kirkna (t. d. mannlán, lambsfóður og leigur) í upphafi 20. aldar en sumum þeirra tekna presta, sem hér eru taldar, héldu þeir eftir 1907.

Því hefur verið haldið fram að kirkjujarðirnar séu reiknaðar á tíföldu raunvirði í samningunum. Í athugasemdum með frumvarpi til þjóðkirkjulaða kemur fram að meðalverð kirkjujarða sé 3.500.000 kr. Giskað hefur verið á að um sé að ræða allt að 400 kirkjujarðir í eigu ríkisins auk 2-300 sem hafa verið seldar síðan 1907, en ríkisjarðir munu hafa verið um 630 talsins á árinu 1997 og tekjur af þeim 25 milljónir króna.²⁹ Áætluð gjöld á fjárlögum voru 13,3 milljónir þannig að nettótekjur voru áætlaðar 11,7 milljónir. Árið 2001 voru 24 ríkisjarðir seldar. Meðalverð var 7.358.257 kr.

²⁶ sjá erindisbréf til biskupa 1. júlí 1746, rglg. 17. júlí 1782 og tsk. 27. janúar 1847.

²⁷ Um aldamótin 1700 þurfti landseti yfirleitt sjálfur að endurnýja leigukúgildi og var þá kúgildaleigan einskona aukalandskuld, Gísli Gunnarsson o. fl., Sögu 1998, s. 236-237.

²⁸ Þessar upplýsingar eru rannsóknarniðurstöður úr enn óbirtri ritgerð eftir dr. Gísla Gunnarsson prófessor um hagrænar forsendur kirkjustarfs frá 16. öld til 1874 og eru birtar hér með góðfúslegu leyfi höfundar.

²⁹ Þetta kom fram í svari landbúnaðarráðherra við fyrirspurn á Alþingi 1997. Í annarri fyrirspurn, um Jarðasjóð ríkisins kom fram að átta jarðir voru seldar 1995 og 1996 á 74.6 milljónir kr. Meðalverð virðist þá vera 9.325.000 kr.

Vandséð er hvernig tekjur af kirkjujörðunum einum mega standa undir lögbundnum greiðslum skv. þjóðkirkjulögunum en auðvitað ber að gjalda varhug við slíkum reikningum þar sem svo margar stærðir eru óvissar og matskenndar.

Í skiptum kirkju og ríkis hefur þetta álitafni nú ekki lengur neitt raunhæft gildi en getur skipt máli við úrlausn þess hvort næg rök séu fyrir mismunandi framlögum hins opinbera til þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga.

Verða þjóðkirkjuákvæðið

og jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar samrímd?

62. gr. stjórnarskrár veitir einu trúfélagi forréttindi fram yfir önnur. Markmið 64. gr. stjórnarskrár er að vernda menn fyrir mismunun á grundvelli trúarskoðana.

65. gr. geymir almenna og víðtæka jafnréttisreglu, sem tekur m. a. til jafnréttis varðandi trúarleg viðhorf.

Það mun vera viðtekin skoðun að 65. gr. feli í sér efnisreglu sem borgararnir geti borið fyrir sig í dómsmálum, t. d. og einkum þannig að því sé haldið fram að almenn lög fari í bága við ákvæðið, en jafnframt felur það í sér almenna stefnuyfirlýsingu sem skuldbindur dómstóla til að skýra lög í samræmi við markmið þess.³⁰ Ákvæði þetta á sér skamma sögu því að því var bætt í stjórnarskrána 1995 en þá þegar var viðurkennt að jafnréttið væri ein af máttarstöðum íslenskrar stjórnskipunar. Þjóðkirkjuákvæðið á hinsvegar rót sína að rekja til stjórnarskrár konungsríkisins frá 1849 og stjórnarskrár um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 1874. Ákvæði 64. gr. hafa staðið við hlið þjóðkirkjuákvæðisins frá upphafi og var litið svo á að það bæri að skýra með hliðsjón af reglunni um stuðning ríkisins við þjóðkirkjuna.

Eins og ljóst má vera af því sem rakið hefur verið um stuðning ríkisins við þjóðkirkjuna nýtur hún forréttinda umfram önnur trúfélög að almennum lögum og í framkvæmd. Augljóst er að ef þjóðkirkjuákvæðisins nyti ekki við færi það í bága við 65. gr. stjórnarskrárinnar að styðja og vernda þjóðkirkjuna án þess að gefa öðrum trúfélögum kost á samskonar vernd og stuðningi.

³⁰ Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur s. 475: „... jafnræðisreglan er ekki orðin tóm heldur er hægt að byggja á henni efnislegan rétt“; Oddný Mjöll Arnardóttir, Tímariti lögfræðinga 1997 s. 95: Með þeirri spurningu hvort reglan sé í eðli sínu efnisregla er átt við hvort hún hafi eitthvert raunverulegt efnisinntak sem gerir borgurunum kleift að byggja á henni efnislegan rétt gagnvart ríkisvaldinu fyrir dómi.“ s. 116: Hin almenna jafnræðisregla 65. gr. stjórnarskrárinnar er í eðli sínu efnisregla ...“

Hugsanlegt er að annað ákvæðið verði að víkja fyrir hinu eða að framfylgja verði báðum en það verður að gera ef því verður við komið.

Þjóðréttarreglur

Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna frá 1945 og mannréttindayfirlýsingu SP frá 10. desember 1948 er kveðið á um trúfrelsi og jafnrétti, m. a. varðandi trú. Ákvæði Mannréttindayfirlýsingarinnar hafa ekki verið talin hafa skuldbindandi gildi að þjóðarétti en nú taka fulltrúar SP svo til orða að þau skuldbindi kannski og kannski ekki³¹.

Mannréttindanefndin (e. The Commission on Human Rights) er helsta undirstofnun Efnahags- og félagsmálaráðsins, skipuð erindrekum ríkisstjórna. Verksvið hennar er mjög víðtækt. Í 18. gr. **Alþjóðasamnings** Sameinuðu þjóðanna **um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi** frá 1966 er mælt fyrir um trúfrelsi. Mannréttindasamningsnefndin (e. Human Rights Committee³²), sem fylgist með að samningnum sé framfylgt, samþykkti 30. júlí 1993 almenna ályktun um skýringar við 18. gr.³³ Þar segir að 18. gr. verndi m. a. guðleysi og andtrúarleg viðhorf; að verndin takmarkist ekki við hefðbundin trúarbrögð; að viðhorf sem ekki eru trúarleg njóti sömu verndar og trú; að trúarbragðafraeðsla í skólum verði að vera óhlutdræg og hlutlæg; að ef tiltekin trú er ríkistrú eða nýtur viðurkenningar sem trú meirihluta verði að gæta þess að ekki sé hallað á þá sem aðhyllast aðra trú eða enga, sérstaklega þannig að þeim sem játa ráðandi trú séu ekki veitt efnahagsleg forréttindi; að ef tiltekin trú nýtur viðurkenningar sem opinber hugmyndafræði í stjórnarskrá megi ekki mismuna mönnum sem ekki fylgja hinni opinberu hugmyndafræði eða eru henni andstæðir.

Í 26. gr er mjög víðtækt jafnréttisákvæði, svohljóðandi:

Allir eru jafnir fyrir lögum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögin skulu ... banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna ... trúarbragða ... Þetta ákvæði á jafnt við um stjórnskipunarlög sem um almenn lög.

Reglurnar um jafnrétti og bann við mismunun eru algildar.

³¹ Guðmundur S. Alfredsson og Jakob P. Möller: „Mannréttindastarf Sameinuðu þjóðanna“ Úlfjótur 1996 s. 228

³² Guðmundur S. Alfredsson og Jakob P. Möller: „Mannréttindastarf Sameinuðu þjóðanna“ Úlfjótur 1996 s. 228, nmgr. 3

³³ The Right to freedom of thought, conscience and religion (Art. 18) : 30/07/93. CCPR General comment 22.

Ísland hefur samþykkt að mannréttindasamningsnefndin geti fjallað um kærur einstaklinga á hendur Íslandi um samningsbrot og gert athugasemdir við framkvæmd Íslands á samningnum. Álitid hefur verið að efnisniðurstöður nefndarinnar í kærumálum einstaklinga séu ekki bindandi en þeirri skoðun vex fylgi að ríkjum, sem samþykkt hafa kæruleiðir, beri að framfylgja niðurstöðum og tilmælum nefndarinnar.³⁴

Í 27. gr. segir m. a. um minnihlutahópa að þeim sem tilheyra slíkum hópum skuli ekki neitað um rétt til þess, í samfélagi við aðra í þeim hópi, ... að játa og þjóna sinni eigin trú ...

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi hefur ekki verið lögtekinn og hefur mannréttindasamningsnefnd SP fundið að því.³⁵

Í 3. mgr. 13. gr. Alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 1966 skuldbinda aðildarríkin sig m. a. til að ábyrgjast trúarlega og siðferðilega menntun barna í samræmi við sannfæringu foreldra þeirra. Sérstök nefnd fylgist með að ákvæðum samningsins sé framfylgt.

Ísland hefur fullgilt samningana frá 1966 og er bundið af þeim að þjóðarétti.

Í Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) er kveðið á um trúfrelsi í 9. gr. 2. mgr. er svohljóðandi:

Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

Í 14. gr. er jafnréttisákvæði sem er takmarkaðra en samsvarandi ákvæði samnings SP um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi að því leyti að það nær aðeins til þeirra réttinda sem kveðið er á um í sáttmálanum. Þannig verður t. d. ekki dæmt um mismunun varðandi trúmál nema í tengslum við trúfrelsisákvæðið. Ákvæði 14. gr. er svohljóðandi:

³⁴ Guðmundur S. Alfredsson og Jakob P. Möller, Úlfjótur 1996 s. 232 og 257.

³⁵ Um skýringu sjá Elín Blöndal: „Minnihlutahópar og jafnræðisreglan“ s. 767. Í lokaathugasemdamannréttindasamningsnefndar SP við þriðju skýrslu Íslands skv. 40. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi er vakin athygli á því, undir yfirskriftinni: „C. Helstu áhyggjuefni og tilmæli“, að m. a. 26. gr. og 27. gr. sáttmálans ganga lengra en Evrópusamningurinn segir til um og hvatt til að öllum réttindum samkvæmt sáttmálanum verði komið í framkvæmd í íslenskum lögum. Fjölmargar aðrar réttarheimildir SP mæla fyrir um bann við misrétti og mismunun. Má þar nefna samning um afnám misréttis í skólum frá 1960 og yfirlýsingu Allsherjarþingsins um afnám mótlætis og misréttis vegna trúarskoðana frá 1981, sbr. nánar Guðmundur S. Alfredsson og Jakob P. Möller í Úlfjótur 1996 s. 229–232.

Réttindi þau og frelsi sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna ... trúarbragða ...

Ísland hefur fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu og lögtekið hann með lögum nr. 62 1994 með þeirri takmörkun, í 2. gr., að úrlausnir stofnana Evrópuráðsins séu ekki bindandi að íslenskum landsrétti. Þetta þýðir fyrst og fremst að dómur Mannréttindadómstólsins eru ekki bindandi réttarheimildir hér sem fordæmi. Enginn dregur þó í efa að dómarnir séu mikilvæg lögskýringargögn við túlkun samningsins. MSE hefur þannig gildi sem almenn lög á Íslandi en í raun hafa þau með vissum hætti stöðu milli almennra laga og stjórnarskrár.³⁶ Þetta gæti haft þýðingu þegar þess er gætt að ákvæði sáttmálans um trúfrelsi og jafnrétti eru án takmarkana varðandi stuðning við þjóðkirkju.³⁷ Jafnframt hafa þau ákvæði sáttmálans sem hafa verið tekin efnislega upp í stjórnarskrá gildi að því leyti sem stjórn lög og eru þannig æðri réttarheimild en almenn lög. Ísland hefur fallist á að svara til saka fyrir Mannréttindadómstólnum og væri þannig opin leið fyrir íslensk trúfélög að fá prófað þar hvort þau njóti jafnréttis, enda hafi þau áður tæmt öll úrræði sem gefast innan lands. Að félag geti átt aðild að mannréttindamáli hefur verið staðfest í nýlegum dómi sem félag rétttrúargyðinga höfðaði gegn Frakklandi og verður getið nánar síðar.³⁸ Loks hefur MSE gildi sem þjóðréttarheimild sem ber að túlka landslög, þar með stjórn lög, í samræmi við. Að því ber að gá að jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar er mun viðtækara en 14. gr. MSE.

Þann 4. nóvember 2000 var samþykktur svohljóðandi 12. viðauki við MSE:

Öll lagaleg réttindi skulu tryggð án nokkurrar mismununar, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

Enginn skal sæta nokkurri mismunun af hálfu opinberra aðila, svo sem vegna þeirra ástæðna sem nefndar eru í 1. málsgrein.³⁹

Með þessum viðauka hefur jafnréttisvernd sáttmálans aukist til muna og einskorðast ekki lengur við önnur ákvæði samningsins en væntanlega verður bið á að þessi viðauki verði fullgiltur og lögtekinn.

³⁶ Páll Þórhallsson: „Lögfesting Mannréttindasáttmála Evrópu“ Úlfjótur 1994 s. 166.

³⁷ Davíð Þór Björgvinsson: „EES-samningurinn og Mannréttindasáttmáli Evrópu sem réttarheimildir í íslenskum landsrétti“ Úlfjótur Afmælisrit – 50 ára – Orator ..., Rvk. 1997.

³⁸ Guðmundur S. Alfreðsson og Jakob P. Möller: „Mannréttindastarf Sameinuðu þjóðanna“ Úlfjótur 1996 s. 226: „Mannréttindafræðin ... leiða til réttinda og skyldna ... hópa.“

³⁹ Leturbreyting höfundar. Georgía hefur fullgilt þennan viðauka.

Hvers má vænta af íslenskum dómstólum?

Álitaefni er hvort líklegt er að innlendir dómstólar myndu hafna forréttindaaðstöðu þjóðkirkjunnar eða að þeir myndu fallast á að bæta bæri öðrum mismunun, ef á reyndi.

Líklegt má telja að talið yrði að afhending jarðeigna kirkjunnar nægði ekki til að réttlæta mismunun að fullu.

Samkvæmt hefðbundinni lögskýringaræferð er stjórnarskráin tvímælalaut æðri réttarheimild en almenn lög og afstaða innlands réttar til þjóðaréttarins er að þjóðaréttur verði að víkja fyrir landslögum að því leyti sem reglur þjóðaréttarins hafa ekki verið lögteknað, að þjóðréttarskuldbindingar íslenska ríkisins bindi það aðeins að þjóðarétti og séu ekki réttarheimildir um lögskipti innan lands.⁴⁰ Þetta leiðir af reglunni um tvíeðli réttarins sem byggt er á í íslenskri lögfræði. Landsrétt ber þó að túlka sem mest í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar ríkisins.⁴¹ Eftir þessu lætur nærri að segja megi sem svo að öll trúfélög njóti jafnræðis með þeirri takmörkun sem leiðir af þjóðkirkjuákvæðinu en fræðin um réttarheimildir og lögskýringar hafa verið í örri þróun á undanförunum árum, ekki síst á sviði mannréttinda og varðandi tengsl þjóðaréttar og landsréttar, einkum í Evrópu. Yngra lagaákvæði gengur að jafnaði fyrir eldra, ef þau verða ekki samþýdd (Quod prior tempore potior jure).

Nokkrum sinnum hefur það gerst að Mannréttindanefnd og/eða Mannréttindadómstóll Evrópu hafa látið uppi álit andstæð íslenska ríkinu og þá jafnframt komist að niðurstöðu sem ekki samrímist álitni íslenskra dómstóla.⁴² Er þá venjulega um það að ræða að íslenska ríkið hefur vanrækt að laga löggjöf að þjóðréttarlegum skuldbindingum sínum. Sú aðstaða sem ís-

⁴⁰ Þetta var og er raunar ekki svo einfalt, sbr. Gunnar G. Schram: Ágrip af þjóðarétti s. 13-17 og Stefán Már Stefánsson: Um þörf á lögfestingu þjóðréttarsamninga: „Er ... talið að íslenskum dómstólum ... sé skylt að túlka íslensk lög í samræmi við þjóðarétt. Skv. þessu er þjóðarétturinn lögskýringargagn ... Það má einnig segja að reglur þjóðaréttarins séu réttarheimild ... að líkindi séu fyrir því að ... ætlunin hafi ekki verið sú að setja lög ... andstæð þjóðarétti.“ (Leturbreyting SGK); Ásta Sólveig Andrésdóttir: Jafnræðisreglur alþjóðasamninga og íslensku stjórnarskrárinnar s. 18-19.

⁴¹ Sú lögskýringarregla gildir ... að landslög skuli túlka með hliðsjón af alþjóðalögum en séu þau ósamrímaleg ganga hin fyrrnefndu almennt fram. ... Íslenska ríkið hefur lítið svo á að íslensk lög séu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar (Grg. með frv. um breyting á stjórnarskrá, þsk. 389 1993-1994, alm. aths. IV. Alþjóðasamningar um mannréttindi og gildi þeirra að landsrétti. Leturbreyting SGK).

⁴² Sally Dollé: „European human rights protection and Iceland ...“ s. 198-199.

lenskir dómstólar eru settir í með þessu er ekki þægileg. Danskir dómstólar hafa farið þá leið í sambærilegum tilvikum að beina því til lögjafans að þörf sé á að laga landsrétt að þjóðarétti en forðast að víkja almennum lögum til hliðar (sbr. UFR. 1990:181 H).

Þann 9. janúar 1990 var brotið blað í íslenskri réttarfarssögu þegar Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að fella bæri úr gildi dóm dómara-fulltrúa, sem jafnframt var fulltrúi lögreglustjóra.

Var málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar með þeim rökum að sýslumanninum og fulltrúa hans hefði borið að víkja sæti. Þessi dómur gekk þvert á a. m. k. 300 ára langa framkvæmd þar sem sömu embættismenn fóru bæði með lögreglustjórn og dómsvald. Á þessum tíma hafði MSE ekki verið lögtekinn og engin breyting hafði orðið á formlægum réttarheimildum frá því að Hæstiréttur tók gagnstæða afstöðu með HRD 25 nóvember 1985 í máli Jóns Kristinssonar. Hinsvegar hafði verið gerð sátt í máli Jóns fyrir Mannréttindadómstólnum og er vitnað til þess í dóminum 1990.

Í dóminum er þess getið m. a. að Mannréttindanefnd Evrópu hafi álykt að að meðferðin á máli Jóns hefði ekki verið í samræmi við ákvæði MSE og að Ísland hafi að þjóðarétti skuldbundið sig til að virða MSE. Ekki er beinlínis vitnað til samningsins sem réttarheimildar en í reynd dæmt eins og svo væri.⁴³

Hæstiréttur hefur ekki síðan látið annað í ljós en að hann fylgi þeirri stefnu sem mörkuð var með þessum dómi⁴⁴ og þýðir það m. a. að reikna má með að jafnríkt tillit yrði tekið til annarra mannréttindasamninga, einkum

⁴³ Ragnar Aðalsteinsson: „Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar og íslenskur landsréttur“ TL 1990 s. 3–27, einkum s. 20–22 „Af þessari greiningu ... á dómi Hæstaréttar verður aðeins ein ályktun dregin ... að ákvæði alþjóðlegra mannréttindasamninga, sem Ísland hefur fullgilt, séu nú hluti landsréttar og ákvæði landslaga, sem eru ósamþýðanleg mannréttindaákvæðum slíkra samninga, verði að víkja“. Páll Hreinsson er á annarri skoðun, sjá: „Sérstakt hæfi dómara“ – Dómur Hæstaréttar 10. janúar 1990 – TL 1990 s. 219 þar sem greining á sama dómi leiðir til þeirrar niðurstöðu að um breytta lagatúlkun hafi verið að ræða, að óbreyttum réttarheimildum, sjá Dóra Guðmundsdóttir: „Um lögtöku Mannréttindasáttmála Evrópu og beitingu í íslenskum rétti“ Ú 1994, s. 161 og 164 „... eru það ótvírætt þau atriði sem lúta að mannréttindasáttmálanum og túlkun hans sem úrslitum réðu ...“; Sigurður Gizurarson: „Lagaárekstrar og lagasamræming“ Ú 1990 s. 133; Ritstjórnargrein: Réttarheimildir og lagatúlkun. TL 1990 s. 129; Gaukur Jörundsson: „Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti“ s. 222; Danelius, Hans: Mänskliga rättigheter s. 72. Afdrif málsins fyrir Mannréttindadómstólnum urðu þau að málið var tekið af dagskrá 1. mars 1990 m. a. með vísan til dóms Hæstaréttar.

⁴⁴ sbr. HRD 1992 174.

Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi sem til hefur verið vitnað. Þess má því vænta að komi mismunandi kjör trúfélaga til kasta íslenskra dómstóla verði tekið mikið tillit til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands um jafnrétti og trúfrelsi og ákvæði stjórnarskrár túlkuð mjög til samræmis við þau. Þrátt fyrir takmörkun laganna um lögtöku MSE varðandi álit Mannréttindanefndarinnar og dómstólsins mun mjög verða litið til þeirra við lögskýringu, einkum dómanna.⁴⁵

Nýjar hugmyndir um réttarheimildir hafa verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum. Álitid er að samspil réttarheimilda sé flóknara en svo að því verði lýst með einföldum reglum, t. d. um að stjórnskipunarlög séu æðri réttarheimild en almenn lög, og að eldri lög gangi fyrir yngri. Af lögskýringargögnum laganna um MSE má ráða að hann skuli hljóta sess skör herra en almenn lög, að eldri lög víki fyrir honum og jafnvel yngri lög sem sett eru án tillits til hans. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 62 1994 má vænta þess að dómstólar muni í reynd taka fullt tillit til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu og þar með til lögskýringarsjónarmiða sem liggja þeim til grundvallar.⁴⁶ Þetta hefur nú minni þýðingu en áður eftir stjórnarskrarbreytinguna 1995 en þótt um ákvæði annarra mannréttindasáttmála, sem kunna að ganga lengra og Ísland hefur fullgilt, verði e. t. v. ekki fullyrt að þau séu orðin réttarheimild í landsrétti sem allar aðrar landsréttarreglur verði að víkja fyrir þá munu þau a. m. k. skipta afgerandi máli um skýringar og fyllingu á jafnréttisákvæði stjórnarskrár.

Afstaða Mannréttindadómstóls Evrópu varðandi jafnrétti trúfélaga

Af dómum Mannréttindadómstólsins er ljóst að ekki er talið andstætt sáttmálanum að tiltekin trú eða trúfélag sé lýst þjóðartrúarbrögð eða þjóðkirkja og tæplega er líklegt að talið yrði andstætt honum að mæla fyrir um vernd og stuðning við þjóðkirkju. Hinsvegar má telja líklegt að talið verði að bæta verði öðrum trúfélögum upp mismunun sem af slíkum ákvæðum

⁴⁵ Dóra Guðmundsdóttir: „Um lögtöku Mannréttindasáttmála Evrópu og beitingu í íslenskum rétti“ Ú 1994, s. 168: „... verður það leitt af ákvæðum sáttmálans að stjórnvöldum og dómstólum beri að túlka lög til samræmis við sáttmálann, eins og hann er skýrður af mannréttindadómstólnum ...“ s. 189: „... 2. gr. laga nr. 62/1994 ... fær illa staðist, en getur í mesta lagi haft táknaert gildi.“; Davíð Þór Björgvinsson: „EES-samningurinn og Mannréttindasáttmáli Evrópu ...“ s. 76 og 89–101.

⁴⁶ sbr. nánar Páll Þórhallsson: „Lögfesting Mannréttindasáttmála Evrópu“ Ú 1994 s. 165–166.

leiði⁴⁷. Dómstóllinn viðurkennir að ríki geti tekið eitt trúfélag fram yfir önnur sem viðmælanda og viðsemjanda á þeim grundvelli að það mæli fyrir munn flestra sem aðhyllast tiltekna trú. Bann við mismunun er ekki fortakslaust. **Mismunun** sem byggist á hlutlægum og skynsamlegum (sanngjörnum) ástæðum **getur staðist**.⁴⁸ Dómstóllinn játar hinum einstöku ríkjum ákveðnu svigrúmi til mats í löggjöf og stjórnarframkvæmd varðandi rétt trúfélaga. Mismunun, sem ella yrði talin andstæð jafnréttisákvæði, kann að vera talin eiga rétt á sér **ef málefnaleg og eðlileg rök eru fyrir henni**. Í slíku mati reynir gjarna á **meðalhófsreglu** sem felur í sér að ef vöð er á úrræði sem mismunar ekki eða síður en þjónar markmiðinu á viðunandi hátt, sé ekki hægt að réttlæta mismunun. Fjöldi þjóðkirkjumanna og söguleg rök mundu þó vart nægja.

Dómstóllinn beitir m. a. framsækinni túlkun réttarheimilda.

Þannig féllst hann á, í máli Sigurðar Á. Sigurjónssonar, 24. júní 1993, að Ísland hefði brotið gegn 11. gr. MSE með því að gera það að skilyrði fyrir atvinnuleyfi leigubílstjóra að hann væri í bifreiðastjórafélaginu Framu þótt þeir sem sömdu texta sáttmálans hefðu ekki verið reiðubúnir til að mæla fyrir um neikvætt félagafrelsi á sínum tíma en neikvætt félagafrelsi hafði síðan farið vaxandi bæði á alþjóðavettvangi og í landsrétti Evrópuríkja.

Tveir nýlegir dómur Mannréttindadómstólsins varða jafnrétti trúfélaga.

Sá fyrri var kveðinn upp 29. nóvember 1997 í máli kaþólsku kirkjunnar í Kanía á Krít gegn Grikklandi.

Þar kemur fram að í grísku stjórnarskránni er kveðið á um að trú grísku rétttrúnaðarkirkjunnar sé ráðandi trú í Grikklandi. Kirkjan nýtur m. a. skattfrelsis, getur átt eignir og aðild að dómsmáli. Höfðað hafði verið mál af hálfu rómversk-kaþólsku kirkjunnar í Kanía vegna klausturs þar sökum þess að nágranni hafði brotið niður klausturvegginn.

Niðurstaða grískra dómstóla var að kirkjan í Kanía uppfyllti ekki skilyrði laga til að geta verið aðili að dómsmáli og var því málinu vísað frá dómstólum. Mannréttindadómstóllinn leit svo á að engin skynsamleg ástæða réttlætti mismunun og dæmdi Grikkland fyrir brot gegn 14. gr. og 6. gr. MSE. (Í 6. gr. er kveðið á um réttláta málsmeðferð en 14. gr. er jafnréttisákvæðið.)

Síðari dómurinn er frá 31. maí 2000 og sker úr deilu Gyðinglega lítúrgífélagsins Chara'are shalom ve Tsedek og Frakklands.

Félagið er kloffingur frá almennu gyðingasamtökunum sem frönsk

stjórnvöld hafa lengi viðurkennt sem samningsaðila fyrir hönd gyðinga í Frakklandi. Samkvæmt 2. gr. frönsku stjórnarskrárinnar er Frakkland leikmannaríki sem tryggir jafnrétti allra fyrir lögum án tillits til trúarafstöðu. Það virðir öll trúarbrögð. Ríkið styrkir ekki trúfélög en virðist þó styrkja að einhverju leyti byggingu og viðhald kirkna og hofa, bæði þau sem hafa menningarlegt gildi og önnur.

Meginástæðan til að félagið hafði klofið sig frá heildarsamtökunum var sú að kloffingsmenn töldu slátrara samtakanna ekki rannsaka lungu sláturdýra nægilega til að fullnægt væri kröfum helgirita um að kjöt sem gyðingar neyta sé af ósýktu fé.⁴⁹ Fram kom að bæði samtökin og félagið höfðu um helming tekna sinna af sláturtolli. Samtökin höfðu fengið sláturleyfi í almennum sláturhúsum en félagið ekki. Franska stjórnin hélt því fram m. a. að heilbrigðissjónarmið og stærðarmunur réttlætti mismunun auk þess sem félagið gæti náð markmiðum sínum án leyfis.

Meirihlutinn ályktaði að Frakkland hefði ekki gerst brotlegt við 9. gr. sáttmálans með þeim rökum að vöntun sláturleyfis útilokaði ekki að félagsmenn gætu fengið ósýkt kjöt samkvæmt ítrustu kröfum, synjun leyfis færi ekki í bága við frelsi félagsins til að iðka trú sína, synjunin byggðist á lögmatum ástæðum. Samkvæmt þessu **var ekki talið að trúfrelsisgreinin hefði verið brotin. Af því leiddi að ekki var hægt að taka til úrlausnar hvort jafnréttisregla hefði verið brotin.**

Minnihlutinn komst að gagnstæðri niðurstöðu.

Hann byggði á þeirri ómótmæltu staðhæfingu að slátrarasamtakanna rannsókuðu ekki lengur lungu sláturdýra nægilega til að fullnægt væri kröfum strangtrúaðra. Hann áleit að ekki skipti máli hvort félagsmenn gætu útvegað sér sláturafurðir, sem fullnægðu kröfum ritninganna, eða ekki; það væri ekki á færi dómsins að leggja sjálfstætt mat á trúarsannfæringu. Hann áleit að ekki væri fært að víkja sér undan að leysa úr því hvort jafnréttisgreinin hefði verið brotin ásamt trúfrelsisgreininni. Fallist er á að hið opinbera geti haft réttmæta hagsmuni af að hafa samband við þau samtök sem mæla fyrir munn flestra í tilteknum trúarhópi en ekki að sú staðreynd að félagið sé minnihlutahópur réttlæti mismunun; ekkert benti til annars en að sláturaðferðir félagsins uppfylltu heilbrigðiskröfur.

Talið var að stjórnvöld hefðu ekki gætt þess að eðlilegt samræmi væri milli markmiða og úrræða til að ná þeim, sem þýðir **að meðalhófsreglan hafi verið brotin. Lokaályktun minnihlutans var að afstaða franska**

⁴⁷ sbr. The Right to freedom of thought, conscience and religion nr. 9, s. 2.

⁴⁸ t. d. að þjónar kirkjunnar skuli vera í henni.

⁴⁹ III. Mósebók 7, 15–27; V 14, 3–21.

stjórnvalda hefði í för með sér að samtökunum væri veitt einokunaraðstaða og jafngilti það því að réttur til mismunandi trúarafstöðu væri vanvirtur.

Hefði 12. viðaukinn verið kominn í gildi þegar þessi dómur var kveðinn upp hefði meirihlutinn ekki getað vikist undan að taka afstöðu til þess hvort um ólögmeta mismunun væri að ræða. Umhugsunarvert er að dómurinn kippir stöðum undan félaginu fjárhagslega.

Aðskilnaður ríkis og kirkju

Í nýlegri skoðanakönnun studdu um 65% aðspurðra aðskilnað ríkis og kirkju. Í þingmannafrumvarpi um breytingu á kirkjuskipan ríkisins sem flutt hefur verið nú á 127. löggjafarþingi - þsk. 19 - er kveðið á um jafnrétti allra kirkjudeilda og trúarsafnaða og aðskilnað ríkis og kirkju. Í greinargerð með lögunum er því haldið fram að þjóðkirkjuákvæðið teljist ekki til grundvallarlags í íslenskum rétti þar sem það njóti ekki verndar hins almenna ákvæðis 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrár um breytingar á stjórnarskrá og viðauka en skv. 2. mgr. 79. gr. skal bera lög um breytingu á kirkjuskipun ríkisins undir þjóðaratkvæði. Þá er því haldið fram að jafnrétti verði ekki talið ríkja fyrr en aðskilnaður hafi farið fram.

Norrænn réttur

Vegna náinna sögulegra tengsla við kirkjurnar í Noregi og Danmörku, forn ríkisréttarleg tengsl og skyldleika réttarkerfa er ómaksins vert að kanna hvernig er háttáð tengslum ríkis og kirkju í þessum löndum og hvernig tryggt er að öðrum trúfélögum sé ekki mismunað. Einnig er vert að athuga þessi mál í Svíþjóð og Finnlandi þar sem siðskipti urðu um svipað leyti og í Norsk-danska ríkinu.

Í sænsku stjórnarskránni (Regeringsformen 1974 152) er kveðið á um jafnrétti í 1. kap. 2 §, 1. mgr. og trúfrelsi í 2. kap. 1 §, 2. tl. og Religionsfrihetslag 1951 680. Í 2. kap. stj. skr., 2 §, er tekið fyrir að mönnum verði gert skylt að láta uppi skoðanir sínar, m. a. í trúarefnum, eða að vera í trúfélagi. Í Svíþjóð hafa ríkið og sænska kirkjan verið aðskilin en um kirkjuna er ítarleg löggjöf, Kyrkolag 1992 300. Ekki verður betur séð en að löggjafinn hafi í hendi sér að binda enda á sjálfstæði kirkjunnar sem auðvitað er takmarkað á marga vegu í lögunum. Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur verið lögtekinn, með lögum 1994 1219.

Í Finnlandi hefur lögtaka MSE (1990) og Samningsins um borgaraleg

og stjórnmalaleg réttindi (1975) leitt til þess að oft hefur verið byggt á þeim í dómsmálum.⁵⁰

Óviða mun kirkjuréttur, réttarstaða kirkju og trúfélaga og réttarhefðir að öðru leyti vera líkari því sem hér gerist en í Noregi. Í stjórnarskrá Noregs eru svohljóðandi ákvæði:

§ 1.: Alle indvaanere af Riget have fri Religionsøvelse. Den evangelisk-lutherske Religion forbliver Statens offentlige Religion. ... § 4.: Kongen skal stedse bekjende sig til den evangelisk-lutherske Religion, haandhæve og beskytte denne. § 16.: Kongen anordner al offentlig Kirke- og Gudstjeneste, alle Møder og Forsamlinger om Religions-sager og paaser, at Religionens offentlige Lærere følge de dem fore-skrevne Normer. § 21.: Kongen vælger og beskikker ... geistlige ... Embedsmænd. Disse skulle ... tilsige ... Kongen Lydighed og Troskab. § 106.: Saavel Kjøbesummer som **Indtægter af det Geistligheden beneficerede Gods skal blot anvendes til Geistlighedens Bedste og Oplysningens fremme.** ... § 110 c.: **Det paaligger Statens Myndigheder at respektere og sikre Menneskerettighederne.**

Í Noregi vikur álitaefninu um kirkjueignir við á svipaðan hátt og hér. Um þjóðkirkjuna er mælt fyrir í kirkelov 1996 nr. 31. Norðmenn hafa lögtekið bæði MSE og og Samninginn um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi og veitt þeim forgang fyrir öðrum réttarheimildum.⁵¹

Svokölluð Bakkevignefnud sem skipuð var af ríkisstjórninni og þjóðkirkjunni hefur lagt til að ríki og kirkja verði aðskilin og þjóðkirkjunni ekki gert hærra undir höfði en öðrum trúfélögum en til þess þarf að gera viðeigandi breytingar á ofangreindum stjórnarskrárákvæðum.⁵² Norsku lögin um trúfélög o. fl. eru nr. 25 frá 13. júní 1969. Í þeim eru svipuð ákvæði um skilyrði til skrásetningar trúfélaga og í íslensku lögunum um sama efni en í 19. gr. er svofellt ákvæði:

Registerført trdomssamfunn kan krevja árleg tillkot frá rikskassan. Tillkotet skal vera så stort at det etter måten svarar om lag til det som staten har budsjettert til Den norske kyrkja, og skal utreknastr etter kor mange som høyrer til samfunnet.

Alle trdomssamfunn som får rikstilkot, kan kvart ár krevja til-svarande tillkot frá kommunar der det bur nogen som høyrer til trdomssamfunnet. Dette tillkotet vert utrekna med grunnlag i dei budsjetterte utlegg kommunen har til Den norske kyrkja.

⁵⁰ Human Rights Committee Seventh session – ... 20 October 2000 s. 12

⁵¹ Human Rights Committee Seventh session s. 12

⁵² „Ríki og kirkja verði aðskilin í Noregi“ AP – Mbl. 8. mars 2002 s. 1.

Þjóðkirkjuákvæði er í 4. gr. dönsku stjórnarskrárinnar, skv. 6. gr. verður þjóðhöfðinginn að vera í þjóðkirkjunni, skv. 66. gr. skal mælt fyrir um stjórnskipun kirkjunnar í lögum en farist hefur fyrir að setja kirkjunni stjórnlag. Kirkjumálaráðherra stýrir kirkjunni í umboði konungs í samráði við biskupana, en enginn þeirra er öðrum æðri. Hvorki er kirkjuráð né kirkjuþing.⁵³ Í 67. og 68. gr. er mælt fyrir um trúfrelsi og í 69. gr. er ákvæði um að „de fra folkekirken afvigende trossamfunds forhold skal ordnes ved lov“. Þetta fyrirheit hefur ekki verið eftir þótt það hafi verið í öllum stjórnarskrám frá 1849. Í 70. gr. er m. a. mælt svo um að enginn verði sviptur borgaralegum eða stjórnmalalegum réttindum vegna trúar sinnar. Sum trúfélög njóta sérstakrar viðurkenningar og hafa heimild til hjónavígslu, önnur hafa sum hjónavígsluheimild og sum ekki. Á viðurkenndum trúfélögum hvílir skylda til að halda ministerialbækur. Að öðru leyti er ekki munur á réttarstöðu trúfélaga. Í **Danmörku** geiða þjóðkirkjumenn einir kirkjuskatt - „Ligningsbeløb til kirke- og præstegårdskasserne og provstiudvalgskasserne samt landskirkeskat ...“ lov om folkekirkens økonomi 26. júní 1997, § 18:1.⁵⁴ Landskirkjuskatturinn virðist samsvara framlögum skv. 3. gr. íslensku þjóðkirkjulaganna en annar hluti kirkjuskattsins sóknargjöldum.

Danir hafa fullgilt (Evrópu-)rammasamning um verndun þjóðarbrotá sem gekk í gildi 1. febrúar 1998. (Samningurinn hefur verið undirritaður af hálfu Íslands en ekki fullgiltur). Í 4. gr. er jafnréttisákvæði og um réttindi þjóðarbrotá varðandi trúfrelsi, trúarbrögð, trúfræðslu, trúfélög, trúarstofnanir og samband við trúbræður í öðrum ríkjum eru ákvæði í 5.-8. gr., 12. og 17. gr. Skv. 23. gr. ber að líta svo á að réttindi og frelsi, sem leiða af meginreglum rammisamningsins, séu í samræmi við ákvæði MSE og viðbótarsamninga við hann. **Ráðherranefnd Evrópuráðsins** og sérstök ráðgjafarnefnd fylgjast með framkvæmd samningsins. Þann 22. september 2000 samþykkti nefndin tillögur til ráðsins um ályktanir og tillögur til ríkisstjórnar Danmerkur sem ráðið mun hafa staðfest í apríl 2001. Þar segir svo í enskum texta ályktunarinnar:

While noting that a state church system is not in itself in contradiction with the Framework Convention and that the latter does not ent-

⁵³ „Danmark er et gammelt kristent land“ kirkjumálaráðherra Danmerkur í sjónvarpsviðtali DR I 27. febrúar 2002

⁵⁴ sbr. Mikkel Thastum: „Skat til kirken sættes op“ Jyllands-Posten 14. febrúar 2002: „Der opkræves kun én kirkeskat. Men hvert år fastlægger ministeren hvor stor en del, der skal udskrives til fællesudgifter, især præsternes løn. I 2000 var den samlede landskirkeskat 790 millioner kroner. Resten af årets kirkeskatter på ialt 4,2 milliarder kroner blev brugt lokalt.“

*ail an obligation per se to fund religious activities, the Committee of Ministers concludes that the question arises whether the privileged funding made available to the Evangelical Lutheran Church, is in conformity with the principles set out in Article 4 of the Framework Convention of equality and recommends that this question be reviewed in detail by Denmark.*⁵⁵

Þann 16. júní 2000 mælti Evrópunefnd um kynþáttamisrétti og umburðarlyndi með því, með tilliti til 70. gr. dönsku stjórnarskrárinnar, að í hana yrði aukið jafnréttisákvæði og þess vandlega gætt að mönnum væri ekki mismunað.

Þann 31. október 2000 **beindi Mannréttindasamningsnefnd SP því til Danmerkur að veita viðbótarupplýsingar um jafnrétti þjóðkirkju og annarra trúfélaga** og safnaðarlíma og trúleysingja **varðandi fjárfstyrki**, menntunarkostnað og sérskatta.⁵⁶

Það ætti að vera íslenskum stjórnvöldum umhugsunarefni hvernig þeim reiddi af í ámóta orrahríð og nú beinist að Danmörku. E. t. v. gæti norska fyrirkomulagið orðið Íslendingum til eftirbreytni. Sjálfsgagt má halda því fram að óskráðum trúfélögum yrði þá mismunað en þeim er þá í sjálfsvald sett að sækja um skráningu. Kann þá að reyna á hvort skilyrði laganna fyrir skráningu geta talist réttlát. Meðal þeirra er að átrúnað eða trú félagsins megi tengja við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar og menningarlegar rætur og að kjarni félagsmanna iðki trú sína í samræmi við kenningar. Sum trúfélög gátu ekki uppfyllt skilyrði eldri laga um trúarjátningu og fyrir sumum andlegum hreyfingum horfa hugtök eins og trú og kenningar að verulegu leyti öðru vísi við en fyrir kristnum, gyðingum og islamítum. Frá sjónarmiði sumra félaga af þessu tagi kann að vera eðlilegt að aðhyllast viðhorf þeirra jafnframt því að vera kristinn.

Mörg önnur álitaefni geta oltið upp, svo sem eins og það hvort þjóðkirkjuákvæðið tekur til frikirknanna. Ég geri ráð fyrir að þjóðkirkjan og frikirkjurnar séu í einhverjum skilningi deildir í almennri alþjóðlegri evangelísk-lúterskri kirkju. Vaknar þá sú spurning hvort verndin og stuðningurinn eigi aðeins að ná til þeirrar stærstu, þeirrar sem er ‘representatífust’. E.t.v. liggur þetta ljóst fyrir af orðalaginu en reynslan sýnir að svo gæti farið að biskup og helstu kennimenn þjóðkirkjunnar höfðuðu játningarritunum⁵⁷ og að guðfræðideildin og Skálholtsskóli gerðu kenningar nýguðfræð-

⁵⁵ Feitletranir höfundar.

⁵⁶ Concluding observations of the [UN] Human Rights Committee : Denmark 31/10/2000 s. 3.

⁵⁷ Einar Sigurbjörnsson: „Rétttrúnaðurinn“ í Kristni á Íslandi III s. 117.

innar eða ensku biskupakirkjunnar, eða einhverjar enn aðrar kenningar, að sínum. Þá gæti þjóðkirkjan tæplega talist evangelísk-lútersk og væri þá vart öðrum til að dreifa en fríkirkjunum. Vera má að fríkirkjurnar njóti þess í einhverju að þær eru lúterskar, allavega í menntun presta. Þá má velja fyrir sér hvort fríkirkjurnar greina sig svo frá þjóðkirkjunni að þær geti talist minnihlutahópur í skilningi 27. gr. Alþjóðasamnings SÞ um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.⁵⁸ Loks má hugleiða hvers þeir eiga að gjalda sem eru utan trúfélaga. Ætti kannski að játa því að trúfélög með öfugum formerkjum ættu að fá hluta af sóknargjöldunum? Eiga önnur trúfélög en þjóðkirkjan rétt á helgidagafriði? Fara ákvæði grunnskólalaga og ákvæði aðalnámskrár um mótum starfshátta grunnskóla af kristilegu siðgæði og um kristindómsfræðslu í bága við jafnréttisreglu?⁵⁹ Er það fyrirkomulag sem haft er á við skráningu í þjóðkirkjuna andstætt ákvæði 1. ml. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár um neikvætt félagafrelsi? sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sigurðar Á. Sigurjónssonar frá 30. júní 1993 og 8. og 9. gr. laga nr. 108 1999. Er við hæfi að utanþjóðkirkjumenn utan kaupstaða verði að eiga við presta þjóðkirkjunnar um skráningar skv. lögum um þjóðskrá? Hversvegna eiga þeir sem ekki eru í trúfélögum að greiða meira en aðrir landsmenn til eins háskóla sem nemur sóknargjöldum umfram aðra?⁶⁰ Á þjóðkirkjunni hvíla ýmsar skyldur við ríkisvaldið og hún er síður sjálfstæð gagnvart því en önnur trúfélög. Getur það réttlætt meiri stuðning við þjóðkirkjuna en aðra?

Að lokum

Vert er að hafa í huga að jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar er yngra en þjóðkirkjuákvæðið og gæti verið álitid eiga að ganga fyrir. Gagnstæð ályktun kynni þó að verða rökstudd með því að ef ætlunin hefði verið að þjóð-

⁵⁸ Sbr. Elín Blöndal: „Minnihlutahópar og jafnræðisreglan“ s. 766. Fríkirkjunum stendur nú til boða aðild að þjóðkirkjunni.

⁵⁹ „Starfshættir skólans skulu ... mótast af ... kristilegu siðgæði“; 2. gr. grunnskólalaga; „Hin siðferðilegu gildi samfélagsins verða að endurspeglast í öllu skólastarfi“; Aðalnámskrá grunnskóla, alm. hl. 1999 s. 7; Í sérstaka hluta námskrárinnar – um kristin fræði o. fl. – er kveðið á um kristindómsfræðslu í inngangi en henni er m. a. ætlað að efla trúarþroska (s. 13). Nemendur eiga að gera sér grein fyrir þýðingu krossdaudans og upprisunnar sem eru sögð sögulegir atburðir (s. 7–8). Í þessum textum er engin áhersla lögð á heiðnar (grískar) dygðir svo sem visku, hugþryði, réttisýni og hófsemi sem gagnsýra siðferðisviðhorf Vesturlanda og við er miðað í vísireglum laga, HRD 1989 1627.

⁶⁰ Árið 1999 var slutt þingmannafrumvarp á Alþingi um afnám gjalds á menn utan trúfélaga.

kirkjuákvæðið yrði í reynd áhrifalaust að verulegu leyti hefði mátt búast við að stjórnarskrárgjafinn hefði afnumið það eða breytt því.

Áður en skorið er úr hvort stjórnarskrárákvæðið skuli ganga fyrir hinu er vert að íhuga hvort ekki er hægt að framfylgja báðum. Skipting stjórnarskrárákvæða í mismunandi rétttháar réttarheimildir, eins og látið er liggja að í aðskilnaðarfrumvarpinu, getur vart samrímst viðteknum skoðunum á sviði réttarheimildafræða. Vart er hægt að segja að ákvæði 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrár um almenna atkvæðagreiðslu um breytingu á kirkjuskipuninni veiti þjóðkirkjuákvæðinu minni styrk en öðrum stjórnarskrárákvæðum. Því má þó hreyfa að það veiti jafnréttisákvæðinu aukið vægi að tilvist stjórnskipunarreglu um jafnrétti var viðurkennd áður en væntanlega verður um það spurt, ef á reynir, hvort ákvæði almennra laga um stuðning við þjóðkirkjuna standist andspænis jafnréttisreglu stjórnarskrár.

Réttarfarsreglur kunna að hamla því að álit dómstóla fáiast um þessi álitafni og óvist er að hæft sakarefni verði lagt fyrir þá þannig að svör fáiast við þeim spurningum sem hér hefur verið spurt.

Líklegt er að meðalhófsreglan mundi koma mjög við sögu enda má segja að hægt sé að styðja og vernda þjóðkirkjuna án þess að gengið sé á hlut annarra trúfélaga, t. d. með því að fella niður greiðslur til Þjóðkirkjunnar, önnur en sóknargjöld, en hækka þau svo að hluti kirkjunnar samsvaraði þeim framlögum samanlagt sem nú renna til hennar frá ríkisvaldinu og hækka sóknargjöld annarra að sama skapi. Þannig má efast um gildi þeirrar staðhæfingar frumvarpshöfundu að jafnrétti verði ekki talið ríkja fyrr en aðskilnaður hafi farið fram. Hún hefur ekki heldur stuðning í alþjóðlegum réttarheimildum og lögskýringargögnum. Spyrja má hvort formlegur aðskilnaður ríkis og kirkju í Svíþjóð feli í sér meira sjálfstæði kirkjunnar en sú skipan sem komin er á hér.

Ef draga má saman meginniðurstöður af því sem skráð er hér að framman liggur beinast við að álykta að á Íslandi hvíli sú skylda að þjóðarétti að tryggja jafnrétti trúfélaga, að almenna löggjafanum og fjárveitingavaldinu beri að hafa jafnt í heiðri ákvæði 62. gr. stjórnarskrár um þjóðkirkju og ákvæði 65. gr. um jafnrétti og bæta trúfélögum, sem þess óska, upp þá mismunun sem leiðir af ákvæðum almennra laga og fjárlaga um framlög til þjóðkirkjunnar. Jafnréttiskröfur þjóðaréttarins verða sífellt meiri og þess mun gæta í landsrétti. Vegna sívaxandi fjölda utanþjóðkirkjumanna gæti verið ráð að koma á nauðsynlegum breytingum á stuðningi við trúfélög heldur fyrr en seinna. Jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar verður að skýra og fylla með jafnréttisreglum þjóðréttarsamninga og með hliðsjón af lögskýringargögnum þeirra og lögskýringarháttum Mannréttinda-

dómstóls Evrópu. Víkja verður almennum lögum til hliðar að því leyti sem þau kunna að ganga á svig við æðri réttarreglur um jafnrétti.

Álit mannréttindanefnda og eftirlitsnefnda með framkvæmd samninga, ályktanir Allsherjarþings SP og ráðherranefndar Evrópuráðsins hljóta að hafa mikla þýðingu sem lögskýringargögn. **Almenn þróun mannréttinda** í landsrétti, einkum í Evrópu og í evrópurétti mun einnig orka á lagatúlkun á Íslandi.

E. t. v. má taka eitthvert tillit til skipta ríkis og kirkju varðandi jarðeignir og þjónustu sem kirkjan lætur af mörkum umfram önnur trúfélög. Þar sem framlög til þjóðkirkjunnar byggjast á samningum og styðjast við stjórnarskrá er vandkvæðum bundið að koma á jafnrétti með því að minnka þær en auka framlög til annarra að sama skapi. Réttarbætur á þessu sviði munu eðlilega hafa í för með sér nokkur fjárútlát fyrir ríkissjóð og meðan almenni löggjafinn og fjárveitingavaldið hafast ekki að er vart annars að vænta en að stjórnvöld haldi að sér höndum um stuðning við trúfélög. Sveitarstjórnir sem ákveða að styðja trúfélög án lagaskyldu ættu þó að gæta jafnræðis. Hvað **dómstóla** varðar verður að sjá hvað setur en til þeirra eru gerðar ríkar kröfur um gæslu mannréttinda.⁶¹

Framanritað er byggt á erindi sem höfundur flutti á fundi í Skálholti 22. nóvember 2000. Sigurður Sigurðarson vígslubiskup boðaði til fundarins forstöðumenn kristinna trúfélaga utan Þjóðkirkju. Guðmundur Þór Guðmundsson, lögmaður þjóðkirkjunnar, flutti einnig erindi á fundinum.

Heimildir

Álitsgerð kirkjueignanefndar – Fyrri hluti 1984

Ásta Sólveig Andrésdóttir: Jafnræðisreglur alþjóðasamninga og íslensku stjórnarskrárinnar – kandidatsritgerð haust 1998

Björg Thorarensen sjá Gunnar G. Schram

Björn Bjarnason: „Lögfesting mannréttindasáttmála Evrópu“ Tímarit lögfræðinga 1993 s. 201

Borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi á Íslandi – Önnur og þriðja skýrsla Íslands um framkvæmd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1995

Concluding observations of the [UN] Human Rights Committee : Denmark 31/10/2000

Danelius, Hans: Mänskliga rättigheter – femte upplagan. Stockholm 1992

Davíð Þór Björgvinsson: „EES-samningurinn og Mannréttindasáttmáli Evrópu sem réttarheimildir í íslenskum landsrétti“ Úlfjótur Afmælisrit – 50 ára –. Orator ..., Rvk. 1997

⁶¹ „... dómstólum virðist ætlað ríkt hlutverk hérlendis við að framfylgja sáttmálanum ...“ Páll Þórhallsson: „Lögfesting Mannréttindasáttmála Evrópu“ Ú 1994 s. 163.

Dictionnaire encyclopédique d'HISTOIRE – Nouvelle édition – I–VIII. Bordas Paris 1978
... 1986, Droit Canonique, Eglise ... o.fl. atriðisorð

Dollé, Sally: „European human rights protection and Iceland ...“ Afmælisrit Gaukur Jörundsson sextugur s. 197

Dóra Guðmundsdóttir: „Um lögtöku Mannréttindasáttmála Evrópu og beitingu í íslenskum rétti“ Úlfjótur 1994 s. 154

Einar Sigurbjörnsson: „Rétttrúnaðurinn“ í Kristni á Íslandi III. Alþingi, Reykjavík 2000

Elín Blöndal: „Minnihlutahópar og jafnræðisreglan“ Úlfjótur 1997 s. 766

Espersen, Preben : Kirkeret - Almindelig del, 2. udgave. Kaupmannahöfn 1999

Gaukur Jörundsson: „Meðalhöfsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti“ Afmælisrit Gizur Bergsteinsson níræður Reykjavík 1992

Geir Waage: „Um samband ríkis og kirkju“ Mbl. 18. apríl 2001

Gísli Gunnarsson: Fjárhagslegar forsendur kirkjustarfs frá 16. öld til 1874 – óbirt (Sjá vefsíðu H. Í. Rannsóknir – Hugvísindastofnun – Söguþing 2002 – Málstofur – 15. Hagrænar forsendur kirkjustarfs ... – Gísli Gunnarsson ... útdráttur)

Gísli Gunnarsson og Jóhannes Hraunfjörð Karlsson: „Var tíundin „óbeinn tekjuskattur“?“ Saga 1998 s. 237

Guðmundur S. Alfreðsson og Jakob Þ. Möller: „Mannréttindastarf Sameinuðu þjóðanna“ Úlfjótur 1996 s. 228

Gunnar F. Guðmundsson: Kapólskt trúboð á Íslandi 1857–1875. Rvk. 1987; Íslenskt samfélag og Rómakirkja“ í Kristni á Íslandi II

Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur. „Vernd mannréttinda í 63.–77. gr. stjskr.“ s. 462–478 og 494, sbr. s. 13–14 („Björg... Thorarensen ... hefur endurskoðað mannréttindakaflann frá grunni og frumsamið skýringar við hinar nýju greinar hans.“ Grunn-
textinn er úr Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson). Háskólaútgáfan, Reykjavík 1997

Hornemann, Jørgen: „Religion og menneskerettigheder“ í Menneskerettigheder. Kaupmannahöfn 1987 s. 49–56

Human Rights Committee Seventh session – Summary Record of the 1876th Meeting ... 20 October 2000

Karl Sigurbjörnsson: „Trúfrelsi, þjóð og kirkja“ Mbl. 6. febrúar 2002

Kristni á Íslandi I–IV. Alþingi, Reykjavík 2000

Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder. Bókaverslun Ísafoldar, Reykjavík 1956–1978, m. a. Kanonisk Rätt, Kristenrättar, Kristnisaga, Kyrka, Kyrkogods, Kyrkorätt, Kättare, Trosskiftet ... Rvk. 1956–1978

Magnús Stefánsson: „Kirkjuvald eflist“ Saga Íslands II. Rvk. 1975, s. 57–141; „Frá goðakirkju til biskupakirkju“. Saga Íslands III. Rvk. 1978 s. 111–253

Menneskerettigheder – viden og handling – Redigeret af Lars Nordskov Nielsen, Claus Gulman og Lars Adam Rehof. Kaupmannahöfn 1987

Oddný Mjöll Arnardóttir: „Um gildissvið og eðli hinnar almennu jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar“ Tímarit lögfræðinga 1997 s. 94–119

Ólafur Ásgeirsson: Kirkjueignir, rekstur þeirra og stjórn. Félag áhugamanna um réttarsögu – erindi og greinar 8, Reykjavík 1984; Kirkjueignir á Íslandi 1597–1984. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1992 (síðari hluti nefndarálits kirkjueignanefndar)

Ólafur Jóhannesson sjá Gunnar G. Schram

Páll Hreinsson: „Sérstakt hæfi dómara“ – Dómur Hæstaréttar 10. janúar 1990 –“ Tímarit lögfræðinga 1990 s. 219

- Páll Melsted: Miðaldasagan. HÍB, Rvk. 1866
- Páll Sigurðsson: Um jarðeignir kirkna fyrr og nú. Félag áhugamanna um réttarsögu 1985 19; „Kirknaítök. Yfirlit um sögu þeirra og réttarþróun.“ Úlfjótur 1986 s. 19; „Fyrsta borgaralega hjónavígsla á Íslandi – Þáttur í þróun trúfrelsis og almennra mannréttinda“ Svipmyndir úr réttarsögu. Rvk. 1992; „Hver á prestssetursjarðirnar?“ Mbl. 3. september 1999; „Straumhvörf í kirkjurétti“ Úlfjótur 2000 s. 29; sjá álitgerð kirkjueignanevndar
- Páll Þórhallsson: „Lögfesting Mannréttindasáttmála Evrópu“ Úlfjótur 1994 s. 157; „Mannréttindavernd í Evrópu: Fyrsta starfsár endurnýjaðs Mannréttindadómstóls Evrópu ...“ Úlfjótur 2000 s. 301
- Pétur Pétursson: „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar“ Saga 1980 s. 179–224; „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“ í Kristni á Íslandi IV. Alþingi, Reykjavík 2000; „Mannréttindi og þjóðkirkja“ Mbl. 5. febrúar 2002
- Politikens Danmarkshistorie Under redaktion af John Danstrup og Hal Koch, 3. udgave, 2. oplag. Politikens Forlag, Kaupmannahöfn 1977 ... 1984
- Ragnar Aðalsteinsson: „Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar og íslenskur landsréttur“ Tímarit lögfræðinga 1990 s. 3–27
- Réttarheimildir og lagatúlkun. Tímarit lögfræðinga 1990 s. 129–132
- Saga Íslands I–V. Bókmenntafélag og Sögufélag. Ritstjóri Sigurður Líndal. Rvk. 1974–1989
- Salmonsens Leksikon I–XXVI. Kaupmannahöfn MCMXV–MCMXXX, m.a. Kanonisk Ret, Katolske Kirke, Kirke, Kirkeforfatning, Kirkehistorie, Kirkeret, Kristendommen
- Sautel, Gérard: Histoire des institutions publiques depuis la Révolution française – Cinquième édition. Dallos, Paris s. 57 (aðskilnaður ríkis og kirkju)
- Sigurbjörn Einarsson: Ljós yfir land – Hirðisbréf 1960
- Sigurður Gizurarson: „Lagaárekstrar og lagasamræming“ Úlfjótur 1990 s. 119–153
- Sigurður Hólm Gunnarsson: „Eru ríki og kirkja aðskilin?“ Mbl. 29. desember 2001 s. 12
- Sigurður Líndal: „Upphaf kristni og kirkju“. Saga Íslands I, s. 227–286. Rvk. 1974; „Þáttur Hæstaréttar í réttarþróun á Íslandi“ Tímarit lögfræðinga 1995 s. 65
- Sigurður Ægisson: Jósefssystur kveðja Ísland. Mbl. 14. janúar 2001
- Stefán Már Stefánsson: Um þörf á lögfestingu þjóðréttarsamninga – fylgiskjal Skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1988. Febrúar 1989
- Stænderup Jensen, Søren: „Folkeretten som retskilde i dansk ret“ UfR. 1990 B 1
- The Right to freedom of thought, conscience and religion (Art. 18): 30/07/93. CCPR General comment 22
- Þórunn Valdimarsdóttir: „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“ í Kristni á Íslandi IV.

Viðar Már Matthíasson, prófessor

Uppruni reglna íslensks réttar um grundvöll skaðabótaábyrgðar

1. Inngangur

Skaðabótaábyrgð utan samninga verður ekki knúin fram, nema unnt sé að slá því föstu að skaðabótaskyldan byggist á einhverri þeirra reglna um bótagrundvöll, sem í gildi eru í íslenskum rétti. Reglur um bótagrundvöllinn eru almennt taldar vera fjórar, þ.e. sakarreglan (almenna skaðabótareglan, culpareglan), reglan um hlutlæga ábyrgð, reglan um vinnuveitandaábyrgð og sakarlíkindareglan.

Sakarreglan er sú regla, sem líklega hefur mesta þýðingu í íslenskum rétti í þeim skilningi að bótaábyrgð er oftast reist á henni. Hún er hin almenna regla um bótagrundvöllinn, enda verður henni beitt nema víðtækari ábyrgð leiði af lögum, eða heimilt sé að beita víðtækari ábyrgðarreglum af einhverjum sérstökum ástæðum.

Íslenzk lögfræði á sér ekki langa sögu og á það ekki sízt við um skaðabótarétt, þótt hann sé ein af kjarnagreinum fjármunaréttar. Í þessari grein er ætlunin að kanna lítillega hver sé uppruni þeirra fjögurra reglna um bótagrundvöllinn, sem getið er að framan. Hér er ekki um tæmandi sögulega greinargerð að ræða, heldur yfirlit, sem einkum er ætlað að upplýsa um, hvenær farið var að beita reglunum í íslenskum og norrænum rétti og hvaðan ætla má að þær hafi borizt hingað.

2. Nokkur almenn atriði

Það mun ekki hafa verið fyrr en við lok 18. aldar, sem skilyrðið um sök varð almenn regla um grundvöll skaðabótaábyrgðar í Danmörku.¹ Í ensk-

¹ Stig Jørgensen, The Decline and Fall of the Law of Torts, American Journal of Comparative Law, Vol. 18, No. 1, 1970, bls. 43.